

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun
Sími: 456 6600

Íbúðalán.is
- kynntu þér lánakjörinn




Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

BÆ Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 6. desember 2007 · 49. tbl. · 24. árg.

Reksturinn getur gengið ...



... ef við förum varlega, segir Jón Guðbjartsson sem nýlega keypti rækjuverksmiðju Miðfells. Annars hefði hann aldrei fari út í þetta. Jón er ekki mikið fyrir að tala undir rós eins og kemur bersýnilega fram í viðtali á miðopnu þar sem m.a. Hafró, sjávarútvegráðuneytið og þingmennirnir okkar fá að heyra það. Ásamt smá sneið til Grindvíkinga og þeirra í Þorlákshöfn.

5% aukning til MÍ

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2008 kemur fram að framlög til Menntaskólans á Ísafirði munu hækka um 5%, eða úr 216,8 milljónum króna sem lagðar voru til í fjárlagafrumvarpi 2007 í 228,5 milljónir í fjárlagafrumvarpi ársins 2008. Rekstrarreikningur Menntaskólans frá árinu 2006 hljóðaði upp á 231,1 milljón og eru því áætluð framlög 1,1% lægri en sá reikningur. Heildarútgöld til framhaldsskóla eru áætluð 17.864,2 milljónir á rekstrargrunni og hækka um 1.186,1 milljón krónur. eða 7,1% frá fjárlögum 2007.

Þessar tölur eru þó ekki endanlegar. Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari MÍ, segir að við gerð nýs samnings milli Menntaskólans og menntamálaráðuneytisins verði eflaust lagðar fram tillögur sem snúa að fjárveitingu til skólans, en vinna að nýjum skólasamningi fer fram á næstu mánuðum.

Áætlað hlutfall bóknáms í fjárlagafrumvarpi er 88,3% en það segir Jón Reynir vera nokkuð lægra í raun. „Við erum nú þegar með 95 verkema sem gerir um 32% af nemendum skólans og við erum að bæta við okkur á því sviði, bæði nemendum og starfsfólki,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

– sigridur@bb.is

Samþykkt að ganga til sameiningar sparisjóðanna þriggja

Samþykkt var á fundi stofnfjáraðila Sparisjóðs Vestfirðinga á föstudag að sameinast Sparisjóðnum í Keflavík og Sparisjóði Húnaþings og Stranda. Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfirðinga, segir að næsta skref í samrunaferlinu sé samþykki stofnfjáraðila Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda og eftir því sem hann best veit standi hugur manna þar til sameiningar. Þá þarf einnig samþykki fjármálaeftirlitsins og segist Eiríkur ekki

vita hversu langan tíma það tekur. Í samrunatillögunni er gert ráð fyrir að felld verði niður ákvæði í samþykktum hins sameinaða sjóðs um að sveitarfélög tilnefni tvo stjórnarmenn. Gert er ráð fyrir að við slit á hinum sameinaða sjóði eða við breytingu hans í hlutfélag verði andvirði eigna og starfsemi sjálfseignarstofnunar skipt á milli starfsvæða í sömu hlutföllum og samrunaþar til sameiningar. Þá þarf einnig samþykki fjármálaeftirlitsins og segist Eiríkur ekki



verði aukið að söluverðmæti allt að 1,2 milljarðar og að samfara falli niður eldri heimildir til aukningar stofnfjár. Forgangsbótboði Sparisjóðs Vestfirðinga sem var að nafnvirði 1 milljarður króna lauk 9. nóvember. Á vef Sparisjóðs Vestfirðinga segir að alls hafi stofnfjáreigendur skráð sig fyrir um 78,16% af því stofnfé sem grunnréttur þeirra gaf rétt til. 93,6% stofnfjáreigenda nýttu rétt sinn til að taka þátt í

útboðinu eða 380 af 406 stofnfjáreigendum. Af þeim sem tóku þátt í útboðinu skráðu 80,5% sig fyrir hámarksrétti. Þá var það samþykkt á fundi stofnfjáraðila að stofna menningarsjóð Sparisjóðsins. Samningaviðræður sparisjóðanna þriggja hafa staðið yfir síðan í sumar. Sparisjóður Vestfirðinga var stofnaður árið 2001 með sameiningu fjögurra sparisjóða; Sparisjóðs Súðavíkur, Sparisjóðs Ónundarfjarðar, Sparisjóðs Þingeyrarhrepps og Eyrasparisjóðs.

– smari@bb.is

Litill heimur ...



... hugsum stórt

EIMSKIP
www.eimskip.is

Dagurinn í dag

6. desember 2007 – 340. dagur ársins

Pennan dag árið 1963 urðu þrír blaðamenn frá franska stórblaðinu Paris Match fyrstir til að stíga á land í Surtsey en eldgos hófst þar þremur vikum áður. Viku eftir landgöngu Frakkanna komust Vestmannaeyingar út í eygjuna.

Ljósmyndasafnið á Ísafirði fær hæstu úthlutun

Minjasafn Egils Ólafssonar Hnjóti og Ljósmyndasafnið á Ísafirði fá hæsta styrk frá Þjóðhátíðarsjóði eða eina milljón króna. Fimm fengu milljón í styrk úr sjóðnum en 55 styrkjum var úthlutað eða ríflega 25 milljónum. Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Verulegur niðurskurður á fjárframlögum til Byggðasafns Vestfjarða

Styrkir til Byggðasafns Vestfjarða verða skornir verulega niður ef tillögur fjárlaganefndar ákveðið áfall fyrir starfsemi safnsins því ýmis verkefni hafi eingöngu verið fjármöggnuð með styrkjum frá ríkinu og þá fyrst og fremst endursmiði og viðgerðir á gömlum bátum. „Byggðasafnið hefur á undanföllum árum skapað sér ákveðna sérstöðu þegar kemur að varðveislu gamalla báta og unnið mjög markvisst að slíkum

maður Byggðasafns Vestfjarða, segir tillögur fjárlaganefndar ákveðið áfall fyrir starfsemi safnsins því ýmis verkefni hafi eingöngu verið fjármöggnuð með styrkjum frá ríkinu og þá fyrst og fremst endursmiði og viðgerðir á gömlum bátum. „Byggðasafnið hefur á undanföllum árum skapað sér ákveðna sérstöðu þegar kemur að varðveislu gamalla báta og unnið mjög markvisst að slíkum

verkefnum. Hér hefur orðið til þekking á því handbragði og verklagi sem tíðkaðist við bátasmíðar fyrr á tímum og er markmið okkar jafnan að gera bátana sjófæra enda teljum við það bestu leiðina til að varðveita þá.

Fyrir fáeinum árum lukum við endursmiði á Gesti frá Vigur, elsta íslenska vélbátinum sem smíðaður var 1906. Siglir hann núna á sumrin á Pollinum á Ísafirði með gesti

safnsins. Viðgerðir á Sæðisi ÍS 420 eru á lokastigi og stefnt að því að hún verði komin með haffæri næsta sumar. Þá eru nýhafnar viðgerðir á Jóhönnu ÍS 159 frá Dynjanda, smíðuð 1931, og verður unnið við hana í vetur.“

Jón segir jafnframt að tveir aðrir bátar biði viðgerða, Tóti ÍS 23 og Örn ÍS 566, bátar sem smíðaðir voru á árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Stærsta verkefnið er hins veg-

ar endursmiði á björgunarskipinu Maríu Júlíu sem núna liggur í höfninni á Ísafirði. „Á undanföllum árum höfum við notið stuðnings og velvildar ríkisins sem með árlegum fjárframlögum hefur gert safninu kleift að vinna að endursmiði bátanna. Hafa báðir aðilar þannig lagst á eitt við að varðveita mikilvægan þátt í sögu þjóðar sem um aldir hefur byggt alla sína afkomu á sjósókn.

Niðurskurður fjárlaganefndar að þessu sinni bitnar fyrst og fremst á bátunum því einungis eru áætlaðar fjórar milljónir króna til viðgerða á fjórum bátum. Reynslan hefur sýnt okkur að þeir peningar duga skammt í verkefnum sem þessum og ef fer sem horfir verðum við að endurskóða allar okkar áætlanir varðandi uppgerð bátanna og óvist hvenær hægt verður ljúka þessari vinnu“, segir Jón.

Vildu sextíu milljónir króna en fá tíu

Í breytingatillögu við fjárlagafrumvarpið 2008 er lagt til að skíðasvæðið í Tungudal fái 10 milljóna króna tíma-bundin framlag til uppbyggingar skíðasvæðisins, með hliðsjón af samningum sem gerðir verða um heildarfjármögnun verksins. Í fjárlagafrumvarpinu segir að tíma-bundin framlög í fjárlögum yfirstandandi árs upp á 8 milljónir falli niður. Ísafjarðarbær hafði fyrr á árinu óskað eftir 60 milljón króna framlagi frá ríkinu til frekari uppbyggingar á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal.

Um er að ræða verkefni sem finna má Vestfjarðaskýrslunni en það var sett þar inn í samráði við þingmenn og þáverandi samgönguráðherra. Gert var ráð fyrir að fjármagn til

framkvæmda yrði tryggt samkvæmt Vestfjarðaskýrslunni, samtals 60 milljónir króna, og framlagi einstaklinga sem næmi 40 milljónum króna. Þetta kom fram á fundi formanns bæjarráðs og bæjarskjóla Ísafjarðarbæjar með fjárlaganefnd alþingis í lok september.

Einkaaðilar höfðu lýst áhuga á að koma til liðs við stjórnvöld og sveitarfélög á Vestfjörðum um frekari uppbyggingu skíðasvæðisins í Tungudal til að takast á við nýja tíma og breyttar kröfur. Vegna veðurfarsbreytinga þarf að auka snjósöfnun með landslagsmótun og einnig þarf að bæta við lyftum.

Gísli H. Halldórsson, bæjarfulltrúi segir þessar tillögur vera algjörlega á skjön við

það sem búið var að lofa. „Mér finnst alveg ótrúlegt hvað það gengur illa að uppfylla það sem stendur í Vestfjarðaskýrslunni. Skilyrðið fyrir því að hægt væri að framkvæma þetta var að ríkið kæmi með 60 milljónir, því þá ætluðu einkaaðilar að koma með rest. Skíðafélagið vill framkvæma fyrir 100 milljónir og þegar þær framkvæmdir verða að veruleika gæti þetta skíðasvæði verið með flesta opnunardaga á landinu. Ég hugsa að nú muni þessar 40 milljónir detta dauðar niður, í samræmi við samkomulagið. Ríkið þarf að átta sig á því að það er ekkert hægt að byggja bara hálf hús, annaðhvort byggirðu allt húsið eða ekki neitt.“

Steingrímur Einarsson, formaður stjórnar skíðasvæðisins



Skíðasvæðið í Tungudal.

segist ekki átta sig á þessari tillögu. „Mér finnst þetta ein-kennilegt og loðið orðalag.“

sagði hann um klásuna í breytingatillögunni þar sem talað er um samninga sem verða

gerðir um heildarfjármögnun verksins.

– sigridur@bb.is



Tólasveinar *Grýlusynir*
Í Tjörúhúsinu

- 6. sýning lau. 8. des. kl. 14.00
- 7. sýning sun. 9. des. kl. 14.00
- 8. sýning lau. 15. des. kl. 14.00
- 9. sýning sun. 16. des. kl. 14.00
- 10. sýning fim. 27. des. kl. 17.00

Miðasala sími: 8917025 og á
www.komedia.is



Fiskast tvöfalt meira á pokabeitu

Línubátar sem gera út við Húnaflóa og nota pokabeitu frá Súðavík afla tvöfalt meira en þeir bátar sem nota hefðbundna beitu. Þeir sem nota pokabeituna fá að jafnaði 300 kg á balann en þeir sem nota hefðbundna beitu fá 150 kg að meðaltali. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavíkurhreiði segir að pokabeituverksmiðjan Aðlöðun anni nú engan veginn eftirspurn. „Það er núna kominn um tveggja

vikna biðlisti eftir pokabeitunni og eftirspurnin eykst stöðugt“, segir Ómar Már í samtali við visir.is.

Ómar Már segir ýsuna sækja mun meir í pokabeituna en þorskur og það spili inn í þessa miklu eftirspurn. „Þar sem enginn vill koma með þorsk að landi sem meðafla má segja að aflaskerðingin á honum komi okkur til góða svo furðulega sem það nú ann- nuna kominn um tveggja

hefur gengið sem skyldi að fá fjárfesta að áframhaldandi vexti Aðlöðunar þó merki séu nú um vaxandi áhuga innlendra fjárfesta. „Ég vil nefna hér að Nýsköpunarsjóður hafnaði því að leggja fjármagn til verksmiðjunnar sem ég tel alveg út úr kortinu“, segir Ómar. „Maður hefði haldið að það væri einmitt verkefni Nýsköpunarsjóðs að hjálpa sprotafyrirtækjum eins og Aðlöðun.“

– sigridur@bb.is

Bæjarstjórnin neitar að svara Magnúsi

„Ég svara ekki slíkum dylgjum og ódregsskap af þessu tagi. Ég hef sjaldan upplifað önnur eins neðanbeltisskot í garð valinkunnra einstaklinga“, segir Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, aðspurður um grein Magnúsar Ólafs Hanssonar um meinta óráðssíu í rekstri Bolungarvíkurkaupstaðar. Magnús segir meðal annars í greininni að óráðsía í peningamálum sé mikil í Bolungarvík ásamt því að ýja því spilling þrífist í sveitarfélaginu. Hann segir að bærin hafi greitt verktaka, sem jafnframt er varabæjarfulltrúi meirihlutans, 7,4 milljónum meira en tilboð verktakans hafi hljóðað upp á í formi viðbótarreikninga. Einnig segir Magnús að meðan aðrir bæjarbúar þurfi að sjá til þess að snyrtilegt sé í kringum eignir þeirra fái einn bæjarfulltrúi að vera óáreittur með sitt rusl „ honum sjálfum og Bolvíkingum öllum til háðungar en ferðamönnum til neikvæðs umtals.“



„Alltaf einhverjir sem þurfa aðstoð fyrir jólin“

Það tilheyrir jólnum að huga að þeim sem minna mega sín og á það við á Vestfjörðum sem annars staðar. Að sögn Margrétar Geirsdóttur, for-

stöðukonu Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar er alltaf ákveðin stærð hóps sem leitar til félagsþjónustunnar eftir peningaaðstoð

fyrir hver jól. „Peningaaðstoð er veitt þeim sem falla undir viðmiðunarmörk um rétt til fjárhagsaðstoðar, eða eru nálægt mörkunum. Við erum í

góðri samvinnu við Rauða krossinn sem veitir líka aðstoð fyrir jólin, svo það sé öruggt að engir verði útundan eða fái mikið umfram aðra er þurfa á



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Nægt framboð jólatrjáa þrátt fyrir skort erlendis

Elvar G. Ingason, hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar segist ekki hafa áhyggjur af skorti á jólatrjáa á hinum Norðurlandanna og telur að það muni ekki hafa áhrif á kaupendur hér vestra. Fregnir hafa borist af því undanfarna daga að yfirvofandi skortur sé á jólatrjáum í Danmörku og Noregi.



Þrátt fyrir að skortur sé yfirvofandi á jólatrjáum í Danmörku og Noregi þurfa Ísafirðingar ekki að hafa áhyggjur af framboði hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar.

Haft var eftir formanni samtaka danskra jólatrjáaframleiðenda, að ástæðuna megi rekja til þess, að dregið var úr plöntun á norðmannsþin á árunum 1998 til 2004 þegar samdráttur var á mark-

aðnum. Nú hafi hins vegar verið á trjánum hækkað um 10-25%. Elvar segir að trén sem seld verða hjá Björgun-

arfélagi Ísafjarðar komi frá Danmörku en þrátt fyrir það reiknar hann með að verðið verði svipað á þeim og undan-

farin ár. Stefnt er að því að jólatrjáa-salan hefjist hjá Björgunarfélaginu um miðjan mánuðinn.

aðstoð að halda.“

Fyrirtæki í bænum gefa stundum peningagjafir eða annars konar gjafir og þá er félagsþjónustan oft beðin um að koma þeim á rétta staði. „Glitnir gaf til dæmis afganga af páskaeggjum í vor og stundum gefa fyrirtæki matargjafir. Það getur verið á formi úttekta-armiða frá Bónus, en það sem er svo jákvætt við þá er að þetta er ekki mjög áberandi, og er núorðið eins og kreditkort sem hver sem er getur fengið. Fólk sem þarf á peningaaðstoð að halda vill sjaldn-

ast vera að bera það á torg.“

„Mér finnst mjög neikvætt þegar verið er að birta myndir af fólki standandi í bíðröðum sem bíður eftir að fá matargjafir. Við reynum að fara mjúklega í hlutina og oft kemur fólk og lætur vita af fjölskyldum sem eiga bágð eða vinir spyrja fyrir aðra sem þurfa aðstoð,“ segir Margrét. Auk félagsþjónustu bæjarins, veita Rauði krossinn, Ísafjarðarkirkja og Hvítasunnukirkjan Salem aðstoð til þeirra sem eiga um sárt að binda.

– sigridur@bb.is

„Vísindaveiðar þola enga bið“

Konráð Eggertsson, hrefnuveiðimaður á Ísafirði, segir vísindaveiðar á hnúfubak þola enga bið. Í nýjasta tölublaði Fiskifrétta er haft eftir Konráði að honum hafi fundist ótrúlegt að lesa í viðtali við hvalasérfræðing Hafrannsóknastofnunar að engin áform væru um að hefja vísindaveiðar.

„Ástandið er orðið slíkt að hér við land að við getum ekki beðið eftir því að þessu fólki þóknist að leggja blessun sína yfir vísindaveiðar á hnúfubak. Við verðum að hefja veiðarnar strax og ekki síðar en næsta sumar. Þær þola enga bið“, segir Konráð í samtali við Fiskifrétti.

„Fjölgun hnúfubaksins við Ísland er skelfilega mikil. Ég er búinn að fylgjast með hnúfubaknum undanfarin fimm ár þegar ég hef verið á hrefnuveiðunum. Þar sem eitthvað er að éta inni í flóum og fjörðum er hnúfubakurinn í hundruða tali. Ástandið á Hornbankanum í sumar var slíkt að því trúir enginn sem ekki sá það með eigin augum. Inni á Bakkaflóa í fyrra töldum

við á annað hundrað hnúfubaka og þegar ætíð var búið létu þeir sig hverfa. Inni á Steingrímsfirði halda 15-20 hnúfubakar sig stóran hluta ársins. Þeir eru ekki að éta neitt annað en fisk þar.

Ég held að hnúfubakurinn sé tækifærissinni eins og hrefnan ef marka má staðina sem hann velur sér. Hann liggur ekki í loðnu inni í Ísafjarðardjúpi eða Mjóafriði hér vestra. Báturinn sem var að veiða seiði þarna í fyrra til fiskeldis hafði félagsskap af hnúfubak í fjóra mánuði. Halda menn að hnúfubakurinn hafi spýtt út úr sér seiðunum sem hann tók upp í sig. Kjafsturinn á þessum skepnum er nú ekki lítill. Hann er eins og opinn gámur. Hnúfubakur sást ekki hér inn í Ísafjarðardjúpi fyrir nokkrum árum. Í síðustu viku fylgdist ég með tveimur framan við bátinn hjá mér.“

Konráð segir að þörf sé á því að kanna hvað dýrið sé að éta. „Ég vefengi ekki að í magasýnum sem tekin hafa verið úr dauðum hnúfubökum sem rekið hafa á land hafi



Konráð Eggertsson.

fyrst og fremst verið loðna og ljósáta. Hnúfubakurinn étur auðvitað bara loðnu og ljósátu á þeim slóðum þar sem ekkert annað er að hafa. Það segir hins vegar ekkert um það hvað hann er að éta hér inni á fjörðunum. Ég vil láta veiða hnúfubak og athuga hvað hann er að éta. Ef menn eru svo vitlausir að vilja ekki éta kjötið af honum verður bara að bræða hann. Verksmiðjan í Bolungarvík er til dæmis verkfæfalaus.

Það þýðir ekki að vera með neina tilfinningasemi í þessu. Ef við ætlum að lifa í þessu landi þýðir ekkert að láta eitt-hvert lið sem er áskrifandi að kaupinu sínu hjá ríki eða bæ stjórna ferðinni. Menn vilja vernda allt í dag. Það má ekki hundur miga, þá halda þeir að það sé ekki vistvænt. Það má ekki stífla læk eða grafa skurð eða leggja línu, það má ekkert gera fyrir ofvernduðu fólki,“ segir Konráð Eggertsson.

– thelma@bbis



Framhaldsskólakennarar óskast

Eftirtalin kennslustörf eru laus til umsóknar við skólann næsta vetur:

| | |
|--------------------------------|------------|
| Stærðfræði | 100% starf |
| Raungreinar | 100% starf |
| Tréiðngreinar | 100% starf |
| Tölvuteikning og tölvunarfræði | 100% starf |
| Rekstrarumhverfi og stjórnun | 50% starf |

Umsóknarfrestur er til 14. des. nk. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum á póstfang: Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi, 400 Ísafjörður. Ráðningartími er frá 1. janúar 2008.

Launakjör eru skv. stofnanasamningi Menntaskólans á Ísafirði og KÍ.

Skólameistari eða aðstoðarskólameistari veita nánari uppl. í síma 450 4400.

Skólameistari.



Sunnukórinn syngur. Iris Kramer leikur á trompet og Hulda Braga spilar undir á orgelið.

Aðventan sungin inn

Árlegt aðventukvöld í Ísafjarðarkirkju var haldið á sunnudag, fyrsta sunnudag í adventu, við góðar undirtektir viðstaddra. Kirkjan var nær full og opnað inn í safnaðarheimilið. Þetta er fyrsta aðventukvöldið í kirkjunni þar sem kirkjugestir geta notið Fugla himinsins, altaristoflunnar eftir Ólofu Nordal sem vígð var í lok sumars. Á aðventukvöldinu komu fram Sunnukórinn, Karlakórinn Ernir, barnakór Tónlistarskólans, Stúlnakór Tónlistarskólans, Íris Kramer trompetleikari og Vigdís Klara Aradóttir saxófónleikari sem spiluðu við undirleik Agnieszku Panasiuk. Fermingarborn lásu texta tengdan aðventunni og séra Magnús Erlingsson flutti hugvekju. *– sigridur@bb.is*



Tí undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur.



Barnakór Tí undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur.



Gísli Jón Hjaltason, fulltrúi fjársöfnunarinnar og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra kætast yfir tækinu.

Heilbrigðisráðherra afhent sneiðmyndataeki

Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðismála á Íslandi. Sneiðmyndataekið hefur verið í notkun í rúmt ár, þrátt fyrir að vera ekki afhent ríkinu formlega fyrir en fyrst nú.

Tækið var keypt fyrir samskotafé en mikill fjöldi félaga, fyrirtækja og einstaklinga lagði hönd á plóginn og söfnuðu fyrir tækinu rúmum 17 milljónum króna. Sneiðmyndataekið kostaði þó ekki nema 11 milljónir og verður umframfé varið til annarra tækja-kaupa fyrir sjúkrahúsið. Rekstrarkostnaður er í höndum Heilbrigðisstofnunarinnar. *– sigridur@bb.is*



Ráðherra flutti stutt pakkarávarp við tilefnið.

Heyrnartækjapjónusta á Ísafirði

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar og sölu heyrnartækja 18. og 19. desember.



Í boði eru margar gerðir og verðflokkar af hágæða heyrnartækjum.

 **Heyrnartækni**

Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Tímá-
pantanir
í síma
568 6880

GODI

Jólakaffið frá Te & Kaffi færðu í Samkaupum

20% afsláttur

109 kr/kg
Verð áður 141 kr/kg

Nautahamborgari 90 gr úr kjötbörðl*

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 6. des. - 9. des.

GODI

1.408 kr/kg
Verð áður 1.896 kr/kg

25% afsláttur

Gourmet rauðvinslegið lambalæri

1.088 kr/kg
Verð áður 1.451 kr/kg

25% afsláttur

Bayonneskinka

998 kr/kg
Verð áður 1.337 kr/kg

25% afsláttur

Hangiframpartur sagaður

456 kr/kg
Verð áður 609 kr/kg

25% afsláttur

Kjúklingalæri magnkaup

1.695 kr/kg
Verð áður 2.251 kr/kg

25% afsláttur

Kjúklingabringur skinnlausar

639 kr
Verð áður 844 kr

Ískaka 6 manna

99 kr
Verð áður 167 kr

Pepsi 2 lítrar

129 kr
Verð áður 159 kr

Freyju marsipan- og nógatbrauð

129 kr/kg
Verð áður 199 kr/kg

Jonagold epli

129 kr/kg
Verð áður 196 kr/kg

Sellery stílkar

Samkaup *úrval*

Jólagjöfin í ár frá karlakórnum Erni

Karлакórinn Erni ásamt drengjakór, blásarakvintett og öðrum hljóðfæraleikurum bjóða til jólatónleika sem er jólagjöf kórsins til íbúa Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Tónleikarnir verða haldnir í Félagsheimilinu á Þingeyri fimmtudaginn 5. desember kl. 20, í Safnaðarheimilinu Bolungarvík laugardaginn 8. desember kl. 18 og í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 9. kl. 16. Flutt verður fjölbreytt dagskrá tengd jólnum og jólahátíðinni. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Ritstjórnargrein

Petta gengur ekki lengur, stóri bróðir!

Í nýlegu bréfi bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ til eftirlitsnefndar fjármála sveitarfélaga kemur fram að óhagstæð rekstrareining eftir sameiningu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, fækkun íbúa og afleiðing breytinga atvinnulífs á þróun tekjustofna sé ástæðan fyrir hallarekstri Ísafjarðarbæjar, sem því miður virðist ekki sjá fyrir endann á. Þessu til viðbótar er vakin athygli á þeirri sérstöðu sem sameiningu fjögurra sveitarfélaga fylgdi þ. e. að ekki stærra sveitarfélag skuli þurfa að standa undir rekstri jafn margra grunnskóla, íþróttahúsa og hafna að ógleymdum leikskólum. Undan þessu verður þó ekki vikist.

Þótt byrinn hafi ekki verið hagstæður siglingu hins sameinda sveitarfélags efast fái um réttmæti sameiningarinnar enda vart hjá henni komist vegna þrýstings frá ríkisvaldinu. Sameining sveitarfélaga leiddi til þess að þeim voru falin verkefni, sem áður voru á hendi ríkisins. Nægir í því sambandi að nefna Grunnskólann. Sameiningin og hin nýju verkefni kölluðu á aukna tekjustofna fyrir sveitarfélögin, nokkuð sem sveitarstjórnarmenn gerðu sér grein fyrir og reiknuðu með að fylgdi sameiningar- og verkefnapakkanum. Ekki verður með sanni sagt að verðmiðinn hafi gleymst. Innihald pakkans var hins vegar stórlega vanmatið. Marg sinnis hafa haldbær rök verið færð fyrir því að stórlega vantaði upp á að Grunnskólanum fylgdi það fjármagn frá ríkisvaldinu, sem til þurfti. Eftirlitkurinn er kunnur.

Sveitarfélögin hafa krafist hlutdeildar í fjármagnstekjuskatti. Fjármálaráðherra er því andvígur. Hann segist tilbúinn að greiða niður skuldir sveitarfélaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum af þeirra hálfu. Þetta heitir að deila um keisarans skegg. Hvort tekjurnar koma í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða með öðrum hætti skiptir ekki máli. Menntamálaráðherra hefur boðað byltingu á skólakerfinu. Ef til tekst sem ætlað er mun þetta kosta sveitarfélögin um einn og hálfan milljarð á ári þegar markinu er náð. Lagasetningar hins háa Alþingis kunna að vera góðra gjalda verðar. En úr þeim herbúðum er ekki hægt að ætlast til að aðrir leysi vandann, sem óhjákvæmilega fylgir. Þegnunum verður ekki skipt upp á milli ríkis og sveitarfélaga. Ríki og sveitarfélög bera sameiginlega ábyrgð á velferðinni sem hið opinbera hefur ákveðið þegnunum til handa. Það gengur ekki upp að þessi stjórn-sýslustig bendi hvort á annað þegar kemur að hagsmunamálum almennings.

Ríkisvaldið lagði hart að sveitarfélögum að sameinast. Í flestum tilfellum var það trúlega nauðsyn. En, það gengur ekki lengur, stóri bróðir, að rúmum áratug eftir sameiningu sveitarfélaganna standi glíman við vandamálin sem fylgdu í kjölfarið enn yfir. Það er ekki endalaust hægt að segja mönnum að herða bara ölin! Glímunni verður að ljúka svo unnt sé að horfa fram á veginn og takast á við ný verkefni.

s.h.

Á þessum degi fyrir 21 ári

Afgreiðslutími verslana gefinn frjáls

Afgreiðslutími verslana á Ísafirði hefur verið gefinn frjáls. Í þessu efni hafa gilt reglur frá 1954, en þær voru orðnar að verulegu leyti úreltar og marklausar.

Fyrir nokkru lagði bæjarráð til að samþykktin frá 1954 yrði felld úr gildi. Jafnframt að ekki skyldi setja aðrar reglur í staðinn, umfram það sem í landslögum segir um helgidaga o. fl. Þessi tillaga bæjarráðs var til umræðu á bæjarstjórnarfundum á fimmtudaginn. Ólafur Helgi Kjartansson lagði til að kosin yrði nefnd til að semja reglugerð um lokunartíma sölubúða. Sú tillaga var felld með fimm atkvæðum meirihlutans gegn fjórum atkvæðum Sjálfstæðismanna, og síðan samþykkt meirihlutinn að gefa þetta frjálst, innan þeirra marka sem landslög setja. Einhver sagði eftir þessi málalok, að nú væri flest orðið umsnúð í henni veröld.

Vestfiskur undirbýr sig fyrir þorrann

Það er engan bilbug að finna á Ómari Helgasyni, framkvæmdastjóra Vestfisks í Súðavík, þrátt fyrir niðurskurð í aflaheimildum. Vestfiskur er fyrst og fremst í harðfiskverkun og nokkuð stórir í þeim geira. „Það styttist í þorrann og þá eru aðallætin“, segir Ómar. Hann segir að hann sé byrjaður að safna upp í lagerinn til að mæta eftirspurninni sem er fyrirþjáanleg eftir rétt rúman mánuð. Ómar segir að niðurskurðurinn valdi því að hráefni sé mjög dýrt. „Fleiri vinnslur einbeita sér að ýsu eftir niðurskurðinn og margir sem slást um aflann á mörkuðunum.“ Þá segir hann að ótíðin valdi mönnum skræveifu en veður hefur verið óhagstætt smábátum í haust.



Efra Norðurtangahúsið enn í eigu Byggðastofnunar

Sundstræti 45, eitt Norðurtangahúsanna, er ennþá óselst og auglýst til sölu á vef Byggðastofnunar. Stofnunin leysti húsið til sín á uppboði og fyrr í haust var gefinn frestur til að bjóða í húsið. Fimm tilboð búrúst, ýmist til leigu eða kaups, og þóttu þau öll of lág og var hafnað. Lægsta tilboðin var upp á nokkur hundruð þúsund krónur og það hæsta 10

milljónir. Hæsta tilboðið hljóðaði þó ekki upp á staðgreiðslu. Hjalti Arnason, forstöðumaður lögfræðisviðs hjá Byggðastofnun, segir að tilboðin hafi öll verið langt frá því að mæta þeim veðum sem Byggðastofnun er með í húsinu og segir það ljóst að sú upphæð muni aldrei nást til baka.

Fasteignamat eignarinnar er 68.180.000 krónur en Bruna-

bótamat eignarinnar er 224.100.000 krónur. Í húsinu var lengi vel fiskvinnsla Norðurtangans, eins og kunnugt er, en þar til seint á síðasta ári og þrjú ár þar á undan var í húsinu beituverksmiðja sem að sögn aðstandenda gaf góða raun en nauð af einhverjum ástæðum aldrei vinsælda meðal fjárfesta og þótti því ráðlegt að reyna að nýta húsið með öð-

um hætti þegar beituverksmiðjan fluttist til Súðavíkur.

Samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi sem samþykkt var í apríl í fyrra er gert ráð fyrir að í húsinu verði 13 íbúðir ásamt bilageymslu og þjónustu á jarðhæð. Þá hefur umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar samþykkt einnar hæðar hækkingu á húsinu.

– smari@bb.is

Undirskriftarsöfnun til styrktar Garðstöðum lokið

Undirskriftarsöfnun sem framkvæmd var til styrktar málefnum Þorbjörns Steingrímssonar, bílasafnara og landeiganda á Garðstöðum í Ögurvík, er lokið og söfnuðust á þriðja hundruð undirskriftir. Undirskriftarlístanir voru lagðir fram í byrjun nóvember, í verslunum og víðar á Ísafirði og um sveitir við Djúp. Ein þeirra sem stóð að söfnuninni er Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli við Ísafjarðardjúp. Hún segist ekki hissa á undirtektunum.

„Það er nauðsynlegt að fólk taki sig saman og mótmæli svona frekju.“

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps fundaði með umráðamanni Garð-

staða um miðjan nóvember og urðu þeir sammála um meginatriði málsins, þar sem markmiðið er að hreinsun á Garðstöðum skuli vera lokið í síðasta lagi í lok 1. Nóvember 2008. Þrátt fyrir að sátt sé í sjónmáli í Garðstaðamálinu, segir Ragna að þetta sé hreinlega prinsippmál og því haldi þau söfnuninni til streitu. „Það þarf að sýna þessum mönnum að það gangi ekki að vaða svona yfir fólk,“ segir Ragna á Laugabóli.

Formáli undirskriftalistans er svohljóðandi:

„Við undirrituð mótmælum eindregið þeim aðgerðum sem sveitarstjórn Súðavíkurhrepps boðar í fundargjörð sinni þann 1. nóv 2007 um svonefnda

hreinsun á Garðstöðum í Ögurhreiði hinum forna.

Um langt árabíl hefur Þorbjörn Steingrímsson rekið bílapartasölu og viðgerðarþjónustu á Garðstöðum, sem ótal mörgum hefur komið vel og tekist með mikilli elju og dugnaði að koma sér upp landsfrægu safni bíla og annarra tækja sem sveitarfélagið er nú einna kunnast fyrir. Slik söfn eins og t.d. á Ystafelli í Þingeyjarsýslu, hafa reynt lyftistöng fyrir ferðaþjónustu viðkomandi svæðis og þar með atvinnuskapandi því fólk sækir í miklum mæli í að skoða þau. Ennfremur skal bent á gildi þess að nýta og endurnýta bíla og varahluti sem best en á það skortir mikið

hjá okkar neyslubrjáluðu þjóð.

Eignaréttur fólks er enn friðhelgur samkvæmt okkar stjórnarskrá og engan má neyða til að láta af hendi eign sína nema almannaheill komi til og þá gegn fullum bóttum.

Sveitarstjórn í Súðavíkurhreppi hefur ekki, svo vitað sé, sýnt fram á að almannaheill aukist mjög við að útrýma bílasafninu á Garðstöðum. Henni er aftur á móti bent á að sveitarfélag er samfélag fólks sem á þar lögheimili og borgar sína skatta og skyldur og sveitarstjórn ber að vinna í þágu þess fólks – ekki gegn því og því sem það tekur sér fyrir hendur til að framfleyta sér.“

– sigridur@bb.is

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögútu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
 Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, sími 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is · Sigríður Gísladóttir, sími 456 4694 og 697 8797, sigridur@bb.is og Smári Karlsson, sími 866 7604, smari@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



vodafone

Tónlist beint í símann

Milljón íslensk og erlend lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn

Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu ótakmarkaðan aðgang að íslenskrri tónlist. Komdu við hjá Pólnum, umboðsmanni okkar á Ísafirði og kynntu þér tónlist í símann.

Tónlistarklúbburinn

- Hátt í 1.000.000 íslensk og erlend lög!
- Íslensk tónlist á 0 kr. (almennt verð 149 kr.)
- Kaupu **erlenda tónlist** á einfaldan og löoglegan hátt í fyrsta sinn á Íslandi – 99 kr. lagið (almennt verð 149 kr.)
- 3ja mánaða áskrift að tónlistarklúbbnum fylgir útvöldum tónlistarsímum (mánaðaráskrift kostar 990 kr.)



Sony Ericsson V640

Lipur og nettur Walkman tónlistarspilari. 3G, EDGE, 256 Mb minniskort. Fer á netið með Vodafone live! Fæst í "Havana Gold" og svörtu. Fæst eingöngu hjá Vodafone.

19.900 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna



Sameinast um útgáfu á jólakorti

Ísfröðingafélagið og sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju hafa tekið höndum saman og gefið út jólakort. Kortið prýðir mynd af nýrri altaristöflu Ísafjarðarkirkju, Fuglum himinsins, sem vígð var 19. ágúst. Verkið er sem kunnugt er eftir listamanninn Ólöfu Nordal en myndina tók Vigfús Birgisson ljósmyndari. Þegar Ísafjarðarkirkja átti 10 ára vígslu-afmæli árið 2005 þótti vel hæfa að ráðast í gerð altaristöflu. Sóknarnefnd bauð fjórum valinkunnum listamönnum að gera tillögur að listaverki og varð Fuglar himinsins fyrir valinu. Jólakortið er komið út og er til sölu í Bóklöðunni-Pennanum á Ísafirði. Allur ágóði rennur til sóknarnefndarinnar og Ísfröðingafélagsins. Þess má geta að um árabíl hafa jólakort Ísfröðingafélagsins, verið styrkstu stoðirnar undir rekstri Sóltúna, húss félagsins á Ísafirði.



Bolvíkingar taka þátt í athugun vegna netþjónabús

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að taka þátt í kostnaði sem hlýst af athugun vegna hugsanlegrar staðsetningar netþjónabús á svæðinu. Heildarkostnaður er 400.000 krónur og deilist hann niður á sveitarfélögin sem taka þátt eftir íbúafjölda. Forsaga málsins er sú að Fjárfestingastofa sendi sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum erindi

vegna athugunar á aðstæðum fyrir rekstri og uppsetningu netþjónabúa á svæðinu. Fyrirhugað er að athuguninni verði lokið í janúar og er áætlaður heildarkostnaður 6 milljónir króna.

Í vor stóð Fjárfestingarstofa fyrir athugun á samkeppnishæfni Íslands í samanburði við helstu samkeppnislönd, varðandi rekstur gagnamið-

stöðva/netþjónabúa. Athugun þessi var unnin af Price Waterhouse Coopers í Belgíu og í samvinnu við íslensku orku-fyrirtækin, símafyrirtækin og Farice ehf. Niðurstöður benda ótvírætt til að Ísland hafi samkeppnisforskot í þýðingarmiklum atriðum og nægir að nefna samkeppnishæfa endurnýjanlega orku, hagstætt loftslag (minni kæliþörf), öryggi í

gagnaflutningum og mikið rekstraröryggi í dreifingu rafmagns.

Auk sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum hefur Reykjanesbæ, Sandgerði, Grindavík, Hafnarfjörður, Ölfus, Árborg, Fljótsdals-hérað, Akureyri og Skagafirði verið boðin þátttaka í verkefnum.

– thelma@bb.is



Bolungarvík.

Spá betri niðurstöðu úr rekstri

Veltufé frá rekstri Ísafjarðarbæjar mun aukast um 75 milljónir króna samkvæmt spá sem byggð er á endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins 2007. Spáin gerir ráð fyrir 12 milljóna króna betri niðurstöðu úr rekstri og fjárfestingar verða nærri jafn háar og fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir. Samkvæmt fjárhagsáætluninni verða tekjur sveitarfélagsins 2,661 milljónir króna en spáin hljóðar upp á 2,824 milljónir króna.

Eins og greint hefur verið frá hefur verið viðvarandi halli á rekstri sveitarfélagsins undanfarin ár og meðal annars hefur eftirlitsnefnd fjármála sveitarfélaga óskað eftir greinargerð um stöðu mála. Halldór Halldórsson fjallar um bréf sitt til nefndarinnar á bloggsíðu sinni. „Ég ítreka að í því (bréfinu) er stöðunni lýst en hún er viðráðanleg enda stendur Ísafjarðarbær fyrir mikilli þjónustu og hefur framkvæmt fyrir 1,5 milljarða kr. síðan árið 2003.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að endurskoðuð fjárhagsáætlun ársins 2007, ásamt erindum er vísað var til endurskoðunar verði samþykkt.

– thelma@bb.is



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Dreifnám við Menntaskólann á Ísafirði

Eftirtaldir áfangar verða í boði í dreifnámi við Menntaskólann á Ísafirði á vorönn 2008:

ENS202, ENS403, ENS503, FÉL103, FÉL303, GRT203, ÍSL102, HJÚ503, ÍSL202, ÍSL203, ÍSL303, ÍSL403, ÍSL503, ÍSL613, NÁT123, LÍF103, SAG103, SAG203, SÁL103, SÁL333, SJÚ203, STÆ122, STÆ313, STÆ413, SÝK103, ÞÝS203, ÞÝS403, VFR113.

Umsóknarfrestur um dreifnám rennur út 10. janúar 2008.

Umsóknarblöð eru hjá ritara skólans og á heimasíðu MÍ, www.misa.is. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans og/eða hjá umsjónaraðila dreifnáms, Guðrúnu Á. Stefánsdóttur, námsráðgjafa, í síma 450 4400, netfang: gudrun@misa.is.

STAKKUR SKRIFAR

Björk og Ronald Reagan

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hvað eiga þau sameiginlegt Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar og Ronald Reagan, einn mest umtalaði hægri-amaður í heimi. Hann var gjarnan skotsþóinn vinstrisinna og sósíalista á sinni tíð fyrir rúmum tveimur áratugum. Fáir menn voru vinstri sinnum andstyggilegri en Ronald Reagan þáverandi forseti helsta heimsveldis og stríðsríkis þess tíma. Ekki voru honum vandaðar kveðjurnar.

En hvers vegna að spyrða þau saman? Þau eru hvort sinnar kynslóðar og margt breytist kynslóða á milli. Ronald Reagan fékk harða gagnrýni margra vegna mæla um heimilislausu í Bandaríkjunum. Gagnrýnt var að hann skyldi ekki grípa til ráðstafana til að mæta þörfum heimilislausra í Bandaríkjunum. Þar voru og eru enn margir sem búa við heimilisleysi. Eins og sannur hægriamaður svaraði Reagan því til að um væri að ræða frjálst val þeirra sem væru án heimilis. Mikil hneykslan varð víða um heim. Vinstri menn á Íslandi brugðust ókveða við.

Langur vegur er síðan. Lengri en margur kynni að halda. Björk Vilhelmsdóttir var í forystusveit vinstri manna. Hún var formaður Félags vinstrimanna í Háskóla Íslands árin 1985–1987. Hún sat í miðstjórn Alþýðubandalagsins 1986 til 1988. Borgarfulltrúi varð Björk 2002 og formaður velferðarráðs og var þá talin til kvóta Vinstri Grænna á R lista, ef

rétt er munað.

Nú er það orðinn lífstíll að velja heimilisleysi. Öðru vísi mér áður brá. Margt hefur breyst á síðustu árum. Þar á meðal hefur vinstra fólk færst mjög til hægri. Áherslur breytast og verða raunhæfari. Sé öllu á botninn hvolfst snúast sveitarstjórnarmál um lausn vandamála umbjóðenda, kjósenda og annarra íbúa. Fyrri meirihluti borgarstjórnar féll fyrir skömmu á óskiljanlegan hátt. Sá átti undir högg að sækja fyrir að útvega körlum sem bjuggu við skort á heimili, einmitt það sem þá vantaði, heimili.

Mikil gagnrýni braust út meðal íbúa á Njálsgötunni í Reykjavík. Þar átti heimilið að verða og varð. Skyldu íbúarnir þar hafa lítinn skilning á vanda þeirra sem búa við ógæfu. Ekki er vænlegt fyrir neinn að eiga ekki heimili.

Skessan í Drangey sagði þegar Guðmundur Arason biskup vígði eyna og kom þar að sem nú heitir Heiðnaberg: „Vígðu ekki meir Gvöndur góði. Einhvers staðar verða vöndur að vera.“ Reagan taldi heimilislausum vel fært að vera á götunni eða annars staðar sem þeir fundu sér skjól, að eigin vali. Nýlunda er að heyra þennan tón frá vinstri konu, formanni nefndar sem ber hið hátimbraða nafn Velferðarráð.

Var Reagan kannski vinstri maður eftir allt saman?

Fyrsta skrefið inn í háskólann

Fjarnám í frumgreinadeild Keilis
veitir tækifæri til háskólanáms



Námið

Keilir býður upp á fjarnám í frumgreinardeild sem þróað er í samstarfi við Háskóla Íslands. Nemendur nota fartölvu í náminu og geta lært þegar þeim hentar, óháð stund og stað.

Á hverri önn eru 3 lotur og 3 vinnuhelgar. Námið er í formi fyrirlestra og verkefna, lokapróf eða lokaverkefni er í lok hverrar lotu.

Félags- eða hugvísindi: 4 annir
Viðskipta- og hagfræði: 5 annir
Verk- eða raunvísindi: 6 annir

Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið 2½ - 3 árum á framhaldsskólastigi.

Umsækjendur sem orðnir eru 25 ára eða eldri eiga möguleika á að fá starfsreynslu sína metna til eininga.

Skólagjöld miðast við fjölda eininga á önninni. Hver eining kostar 13.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.keilir.is

Merki



Keilir
Atlantic Center
of Excellence

Prófatíminn hafinn í Menntaskólanum

Próf hófust í Menntaskólanum á Ísafirði á mánudag en síðasti prófdagur er 18. desember. Prófsýning verður 19. desember og útskrift fer fram þann 20. desember í Ísafjarðarkirkju og hefst athöfnin kl. 14. Að sögn Jón Reynis Sigurvinssonar, skólameistara MÍ, verða stúdentsefni líklega átta og vélaverðir fjórtán en tölur um útskriftarnemendur eru ekki alveg á hreinu að svo stöddu. Að kvöldi þess 20. verður útskriftarveisla fyrir nemendur og starfsmenn skólans ásamt gestum.

Óráðsían í Bolungarvík

Það er með trega sem þessar línur eru settar á blað, en mér ofbýður sóðaskapurinn í brúðlinu með peninga, sem ekki eru til, hjá sveitarfélaginu Bolungarvík. Hér skulu tilfærð nokkur nýleg dæmi. Endurbætur á blokk sveitarfélagsins í Holtabrún voru boðnar út. Tekið var tilboði að upphæð 43,2 milljónir króna. Síðan bárust viðbótarreikningar að upphæð 7,4 milljónir króna. Þar með fór verkið upp í 50,6 milljónir króna eða 17% fram úr tilboðinu sem tekið var. Verktakinn er varabæjarfulltrúi bæjarstjórnarmeirihlutans.

Okkur Bolvíkingum var sagt að sundlaugargarður hefði verið boðinn út og átt að kosta litlar 17 milljónir króna. Nýjustu upplýsingar frá bæjarstjóra herma að garðurinn sé kominn í 20 milljónir eða hátt í 20% fram úr því sem lagt var upp með. Snyrtilegt minnismerki það. Er örugglega búið að ganga frá öllu uppgjöri varðandi þennan sundlaugargarð? Getur verið að hann kosti kannski einhverjar milljónir í viðbót?

Hvað skyldu gangstéttaframkvæmdir hjá sveitarfélaginu hafa kostað það sem af er ári? Þar mun hafa verið unnið í atvinnubótavinnu. Leggja áttí rúman kílómetra á liðnu sumri samkvæmt yfirlýsingum meirihlutans í vor. Í stað þess að bjóða verkið út eða fá einkaaðila til þess var allt unnið í tímavinnu af aðilum sem ekki höfðu reynt eða þekkingu til að bera. Af þessum rúma kílómetra voru einungis lagðir um þrjú hundruð metrar. Gangstéttirnar voru upprifnar með tilheyrandi óþægindum fyrir íbúa allt sumarið.

Lagðar hafa verið lagnir vegna nýrrar vatnsveitu. Var verkið boðið út og hvað kostaði gjörningurinn? Er verkinu lokið? Og enn slær bæjarstjórnin sér á brjóst. Nú er búið að samþykka að fara út í stórkostlegar framkvæmdir við félagsheimili Bolvíkinga upp á 160 milljónir. Hvað komast bæjaryfirvöld upp með þessa óráðsiu lengi? Hvað er að

gerast almennt í atvinnumálum í Bolungarvík? Er atvinnunefndin óvirk í sveitarfélaginu? Eða lifir hún í villtum draumheimi?

Ekkir gengur jafnt yfir alla í tiltektarmálum í sveitarfélaginu. Merkt hafa verið bilhræ í Bolungarvík, þar sem eigendum var gert að fjarlægja þau fyrir ákveðinn tíma. Bæjarfulltrúi sem búsettur er á Hanhóli fær hins vegar að hafa sitt rusl óáreittur, honum sjálfum og Bolvíkingum öllum til háðungar en ferðamönnum til neikvæðs umtals. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur lýst yfir ánægju með jákvæða þróun í fjármálum Bolungarvíkur. Hvernig má það vera? Bolungarvík er skv. ársreikningum skuldsettasta sveitarfélag á Vestfjörðum. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skuldaði hver íbúi í Bolungarvík litlar 878.969 krónur þann 1. des. 2006 eða fyrir réttu ári. Víst er að skuldirnar hafa ekki minnkad. Það stefnir hraðbyri í enn meira óefni.

Ég hvet Bolvíkinga til að skoða Þésann, fréttabréf Bolungarvíkurkaupstaðar, útgefið í apríl 2007. Þar sést hversu miklu var ólokkið af þeim verkom sem Áhaldahúsinu var ætlað að gera og ekki gera. Neðanmáls í sama þésá má sjá með rauðu feitu lettri að *onnur verkefni eru útboðsskyld og má þar nefna lagningu gangstétta (á annan kílómetra í sumar) og svo framvegis.*

Viljið þið, Bolvíkingar, virkilega hafa þessa óabyrgu bæjarstjórn áfram? Viljum við halda þessari einkafjöldskyldusóðastefnu áfram? Ég segi NEI takk, ekki fyrir mig. Er ekki kominn tími til að þetta óábyrga fólk sem stýrir sveitarfélaginu skammist sín og segi af sér? Er nokkur furða að maður spyrji?

Magnús Ólafs Hansson, Hafnargötu 110, Bolungarvík.



Fækkar á langlegudeildinni í Bolungarvíkurhöfn

Togurum Geysi RE-82 og Páli á Bakka ÍS-505 var siglt út úr Bolungarvíkurhöfn í síðustu viku áleiðis til Reykjavíkur þar sem þeir fara í niðurri. Mikil ánægja ríkir í Bolungarvík vegna þessa, enda losnar um pláss við höfnina og ekki þarf lengur að óttast þau áhrif sem tæring skipanna getur haft í för með sér. Kristina Logos er þó enn í langlegu í höfninni, en togarinn, sem er í eigu Olís, hefur fengið að ryðga við margar hafnir undanfarin ár. Með skipunum fór góður þónokkur af brotajárn, en að sögn Gríms Atlasonar bæjarstjóra er nóg til af sliku í Bolungarvík.

„Það er greinilegt að lang-

legugjaldið sem við settum á er að virka. Við höfum rukkað eigendur þessara skipa um hærra hafnargjald, líkt og gert er hjá Ísafjarðarbæ og fleiri sveitarfélögum. Mér skilst að Kristina Logos eigi að fara bráðlega, og þá reynum við að senda með henni meira brotajárn,“ segir Grímur.

Skipin Kristina Logos og Geysir hafa legið í Bolungarvíkurhöfn um árafjöld og ryðgað. Geysir hefur samkvæmt upplýsingum blaðsins ekki hreyfst í hátt í áratug, en hann var áður í eigu Básafells hf., og Kristina Logos hefur ekki hreyfst í að minnsta kosti fjögur ár, eða ekki síðan skipið var slegið Olís á uppboði í júní 2003. Á sínum tíma feng-

ust þær upplýsingar hjá Olís að kaupin á skipinu hefðu einungis verið til þess fallin að vernda hagsmuni Olís og að til staði að selja skipið aftur sem allra fyrst, en af því hefur sem sagt ekki orðið. Þar áður hafði Kristina Logos reyndar fengið að ryðga við Reykjavíkurhöfn, frá árinu 2000-2002 þegar það var flutt vestur.

Páll á Bakka hefur borið mörg nöfn í gegnum tíðina en hann var smíðaður árið 1971 í Garðabæ fyrir Fiskiðjuna Freyju hf. á Suðureyri. Þá hét hann Trausti ÍS-300. Áður en hann var seldur til Bolungarvíkur frá Ísafirði hét hann Baldur Árna ÞH-50 og var í millitíðinni búinn að skipta oft um eigendur og nöfn.

– sigridur@bb.is



Bolungarvíkurkaupstaður

Útboð - húsbygging

Bolungarvíkurkaupstaður óskar eftir tilboðum í endurnýjun á Félagsheimili Bolungarvíkur. Verkið er fólgið í eftirfarandi:

- Endurnýja skal húsið að innan sem utan. Flatarmál hússins er alls 720m².

- Byggja nýja anddyrisbyggingu við Aðalstræti og tengja hana húsinu. Alls 163m².

Verktími er frá 1. janúar 2008 til 15. desember 2008.

Tilboðsgögn verða afhent á bæjarskrifstofunum í Bolungarvík, Aðalstræti 12, frá og með fimmtudeginum 29. nóvember 2007.

Tilboð verða opnuð föstudaginn 21. desember 2007, kl. 11:00 á bæjarskrifstofum Bolungarvíkur, Aðalstræti 12.

Bolungarvíkurkaupstaður.

Lesendur bb.is velja Vestfirðing ársins 2007

Bæjarins besta og bb.is efna til kosningar á Vestfirðingi ársins í samvinnu við vefvirkni Eskil hf. og Gullauga á Ísafirði líkt og gert hefur verið undanfarin sex ár.

Til að koma tilnefningum á framfæri þarf að smella á auglýsingaborðann efst á bb.is og fylla út sérstakt form sem þar er á bakvið. Lesendur Bæjarins besta og bb.is eru hvattir til að taka þátt í valinu og tilnefna þann Vestfirðing sem þeir telja að verðskuldi þessa nafnbót og eru þeir beðnir um að vanda valið þar sem öndvegis fólk hefur hlotnast þessi heiður í gegnum árin. Sá sem úttefninguna hlýtur fær henni til staðfestingar veglegan farandgrip frá Gullauga.

Hægt er að skila inn tilnefningum til 31. desember. Til-

kynnt verður um úrslitin hér á bb.is og í vikublaðinu Bæjarins besta fljótlega eftir áramótin. Vestfirðingur ársins 2006 var Sunneva Sigurðardóttir stofnandi Sólstafa á Vestfjörðum. Vestfirðingur ársins 2005 var Sigríður Guðjónsdóttir, íþróttakennari á Ísafirði. Vestfirðingur ársins 2004 var valinn Örn Elías Guðmundsson tónlistarmaður. Vestfirðingur ársins 2003 var Magnús Guðmundsson, sjómaður á Flatreyri og árið 2002 var kjörinn Hlynur Snorrason, rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði. Árið 2001 varð Guðmundur Halldórsson, þáverandi formaður Smábátafélagsins Eldingar á Vestfjörðum fyrir valinu.

– thelma@bb.is

Office 1 Superstore



TILBOÐ
3.290.-
Almennt verð: 4.990.-



TILBOÐ
2.990.-
Almennt verð: 4.480.-

20% AFSLATTUR
af öllum spilum hjá Office 1



NÝTT MONOPOLY
á íslensku



NÝTT MEMORY



MP3 SPILARI

TILBOÐ
1GB 4.990.-
2GB 6.990.-
Agnar smár en afar knár MP3 spilar!

Jólaopnunartímar

| | |
|-----------------------|-------------|
| 14. des. Föstudagur | 09:00-20:00 |
| 15. des. Laugardagur | 10:00-20:00 |
| 16. des. Sunnudagur | 12:00-20:00 |
| 17. des. Mánudagur | 09:00-20:00 |
| 18. des. Þriðjudagur | 09:00-20:00 |
| 19. des. Miðvikudagur | 09:00-20:00 |
| 20. des. Fimmtudagur | 09:00-22:00 |
| 21. des. Föstudagur | 09:00-22:00 |
| 22. des. Laugardagur | 10:00-22:00 |
| 23. des. Sunnudagur | 10:00-23:00 |
| 24. des. Mánudagur | 09:00-13:00 |

Office 1 Ísafirði
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-16
Sími: 550-4170

5%

Tilboðin gilda frá 5. til og með 9. desember 2007, ella á málum langfrá endast. Birt með fyrirvara um myndbrot og prentbrot.

„Maður heyrir sjávarútvegskallana mikið tala um fiskifræði sjómannsins, smábátasjómennina sérstaklega. Ég heyri á þeim sem eru úti á sjó, að þó þeir tali digurbarkalega um að það sé mikið af þorski, þá er lítið af þorski. Það er búið að ganga mjög illa að fiska þorsk undanfarin ár“

Hefur trú á rækjunni

Fljótlega eftir gjaldþrot rækjuverksmiðju Miðfells heyrðust þær sogusagnir að útgerðarmaðurinn Jón Guðbjartsson hefði hug á að kaupa verksmiðjuna. Eftir nokkurn tíma rættiust sogusagnirnar og fyrirtækið Kampi var stofnað. Þrátt fyrir morg mogur ár í rækjuíðnaði segist Jón vera nokkuð bjartsýnn á reksturinn, annars hefði hann ekki farið út í þetta. En af hverju skyldi honum takast það sem engum virðist takast í dag? Þ.e. að reka rækjuverksmiðju.

„Það er fyrirsjáanleg vöntun á rækju. Við vorum með sölu-menn hjá okkur sem höfðu verið á ferð í Kanada og þar eru flestar geymslur tómar. Það fiskast ekki eins mikið af rækju og fólk er tilbúið að éta og því höldum við að verðin stígi upp á við. Tævanir og einhverjar þjóðir í Suður Ameríku eru byrjaðar að grafa upp heilu landssvæðin og rækta rækju, en það hefur ekki aukist það mikið að það hafi undan. Núna þegar dregur úr í Kanada, menn segja að þorskur sé að ganga í Kanada og þá éti hann alla rækju eins og hjá okkur, og þessi mikla veiði dettur niður þá mega þeir heita göðir með að halda Bandaríkjamarkaði við. Þessir sölu-menn komu til okkar vegna þess að allar geymslur voru tómar í Kanada, kannski eitt bretti úti í horni. Þess vegna komu þeir til Íslands og buðu betri verð en verið hafa.“

Afurðaverð á uppleið

–Hafa Kanadamenn skemmt markaðina?

„Það hefur ríkt mjög sérstakt ástand í Kanada. Þar sem að ísinn leggst yfir á haustin, lengst norður í rassgati inni í þétu eyjaklasasvæði hafa þeir verið að mokveida rækju. Við erum að tala um 40 tonn á dag sem er það sem íslenskir tog-arar veiða á viku. Þannig að þeir eru að landa þriðja hvern dag einhverjum 100 – 120 tonnum og þar finnst sjómönnum sjálfsagt að fá 50 krónur fyrir kíló. Rækjan er svo unnin í verksmiðjum sem margar hverjar eru smíðaðar að íslenski fyrirmynd. Fyrirtæki héðan, eins og til dæmis 3X Stál, hafa farið með hugmyndir frá Íslandi og byggt upp verksmiðjur fyrir þá. Í þeim er framleitt allan sólarhringinn og kanadíska ríkið borgar laun fólksins því fölkíð

þarf vinnu. Þessari rækju dæla þeir inn á Evrópumarkað og þá fyrst og fremst Bretlands-markað, sama málasvæðið og þægilegt að eiga við. Þrátt fyrir að þeim sé gert að borga toll þá geta þeir boðið verð sem Íslendingar geta ekki boðið. Þannig að okkar kaupendur hafa dottið út og farið að kaupa Kanadarækju. Þetta hefur verið að gerast síðan 1995 því Kanadamenn geta alltaf boðið lægra þangað til núna því þeir virðast ekki hafa neina rækju að bjóða.

Svo hefur það verið að breytast að markaðurinn okkar hefur færst austur. Við seldum í vikunni rækju til Danmerkur sem endar í Rússlandi. Síðan við byrjuðum að horfa á þetta höfum við bara heyrt um hækkunir á rækju. Albert (Haraldsson, verksmiðjustjóri Kampa, innsk. blm) setti á blað hjá sér óskatölu sem var sú hæsta sem hann hafði heyrt hjá verksmiðjunum í kringum okkar en söluáður sem var hjá okkur byrjaði á að bjóða nokkrum pensum hærra án þess að við höfðum minnst á nokkrar tölur. Þannig að verðin eru á uppleið og allir ánægðir með það.“

Miklu meira borgað fyrir rækju en þorsk

„Það hefur gerst í rækjunni, og það er eitt sem við verðum að passa okkur á, það er að við megum ekki fara í einhverjum stökkum upp þannig að fólk hætti að borða rækju. Þetta þarf að gerast varlega og hanga uppi þegar ástandið er orðið skikkanlegt. Áður en rækjan fór að klinka, eða fyrir 1995 um það bil, þá voru verð á rækju rokkandi upp og niður. Ég man að Bjóssi í Bakka bauð okkur einu sinni viðskipti þegar við vorum á úthafs-rækju með litla bátinn og ég og strákurinn vorum búnir

að berja okkur saman um að við færum ekki neðar en 125 krónur fyrir kíló. Svo fórum við til Bjóssa og setjumst hjá honum og erum glerharðir á því að láta ekki fara illa með okkur. Hann byrjar á því að bjóða 145 krónur. Þá vorum við með nýjustu verðin að við höldum, en hann byrjar á 145. Stuttu áður höfðum við selt fisk upp úr bátinum og þorskurinn fór á 70 kall. Nú selurðu þorsk á 250 kall og rækju á 130 – 140.

Þessar sveiflur voru ópraktískar og margir fóru á hausinn. Menn tóku áhættu og duttu út. Nú vill maður sjá þetta komast í edlilegt ástand miðað við það sem kostar að veiða þetta.“

– Þið hættuð með Gunnbjörn á úthafs-rækju. Var ekki hægt að gera út á rækju?

„Það stóð aldrei annað til en að vera fram í október á rækju. Næstu mánuðina verður skipið á fiskitrolli og aflinn seldur hæstbjóðanda. Þannig verður þetta fram í byrjun mars en það fer eftir kvótanum og hvernig gengur að fiska. Við höfum alltaf spilað þetta eftir hendinni. Ef við erum að fiska þetta 50 –60 tonn á viku á fjórum fimm dögum er það bara nokkuð gott. Lítil olíu-eyðsla, einn til tveir dagar í landi í viku, finna tekjur og mennirnir hafa það gott. En meiningin er að hann fari á rækju aftur í mars eða apríl og verði fram á haustið.“

Ástand í sjónum

„En það er einkennilegt ástand á rækjunni fyrir norðan land og öðruvísi en áður fyrr. Hugsanlega vegna hlýri sjávar. Mjög góð rækjuveiði dettur allt í einu niður útaf einhverskonar gróðri sem Hafró vita ekkert hver er en halda að séu einhverskonar svampar. Við tókum sýnishorn fyrir þá og þeir stóðu á gati og sögðu þetta aldrei hafa verið rann-sakað. Hvað veldur því að allt hafði norður af Íslandi verður dökkt? Það sést ekki lýsa á fisk á skaki, ekki fyrr en hausinn er kominn upp úr. Haf-flöturinn er mikið dekkri og rækjunni finnst vera komin nótt og fer upp í sjó. Svo þegar þetta kvikindi sest á botninn þá fer rækjan upp í sjó. Þegar hún er uppi fiskast ekkert. En þetta tímabil hefur alltaf verið

og byrjað fyrir austan land og flæðir á móti straumi vestur eftir. En það sem hefur breyst er að tímabilið hefur lengst og magnið sem sest á botninn er mikið meira.“

Annar báturinn að seljast til Rússlands

–Eruð þið með báða bátana á sjó?

Nei, við lögðum litla bátinum. Hann er að seljast. Það er ævintýri í kringum þá sölu. Það eru Rússar sem vilja kaupa hann og hafa haft áhuga síðan í vor. Hann fór í slipp, til að þykktarmæla og koma honum í klassa eins það kallast. Rússarnir mega ekki flytja bátinn inn öðruvísi. Ég held meira að segja að þetta séu sömu mennirnir og hömruðu á okkur síðasta sumar um að selja bátinn. Við erum búnir að bíða í allt sumar og nú loksins vorum við að fá svar og báturinn kemst í klassa og nú viljum við að Rússarnir komi og skoði bátinn. Ég býst við að hann verði seldur í desember. Ætlunin er að losa okkur við þessa stærð af bát alfarið og eiga þennan stóra. Svo kemur bara í ljós hvað við gerum. Hvort við kaupum lítinn bát til að vera á innfjarðarækju eða annan stóran á úthafs-rækju.“

Öll fyrirtæki geta farið á hausinn

–Verður Kampi langlíft fyrirtæki?

„Það getur enginn sagt til hvort nokkurt nýstofnað fyrirtæki verði langlíft. Ef þú spyrð hvort ég hafi trú á þessu, þá er svarið að ég hefði aldrei startað þessari hugmynd nema af því ég hef trú á þessu. Ég hef ekki startað mörgum hugmyndum um ævina og ég man ekki eftir neinni hugmynd sem hefur alveg klinkað. En það leiðir af sjálfu sér að allar hugmyndir sem eru kannski bjartsýnislegar í byrjun geta klinkað. Það þarf ekki mikið að gerast núna til að svo fari. Ef rækjuveiðar hrapa og það verður engin rækja til að pilla þá er þetta fyrirtæki dauft. Þá eigum við bara þetta hús og tækjadraslíð sem er inni í því, án þess að geta nýtt þau. Þá þarf bara að leysa það mál. En það yrði ekkert hrun eða gjaldþrot að öðru leyti en hrun þess-

arar hugmyndar.

Allar hugmyndir sem menn fara af stað með, viðskipta-áætlanir gerðar og allt litur mjög vel út, allar geta þær hrundið. Sárafá fyrirtæki á Íslandi eru alveg örugg og ekkert sem getur haggast þeim. En í augnablikinu sé ég ekkert annað en að þetta fyrirtæki geti gengið með því að það verði farið varlega. Það er allt á heldur betri leið en var fyrir einhverjum misserum og ég sé fullt af möguleikum til að gera reksturinn betri. Það er grátlegur fjandi að við þurfum að kynda þetta hús og sjóða alla rækju með olíu.“

Vestfjarðamið fyrir Vestfirðinga

„Umhverfið er skammsýnt þegar við þurfum að rifast um sölu á rafmagni til álvera og kísiliðju fyrir eina krónu kíló-vattið á sama tíma og við þurfum að borga sex og sjö krónur. Við eigum þessa auðlind líka. Uma leið og það var farið að tala um auðlindina fisk sagði Morgunblaðið og liðið fyrir sunnan „við eigum þessa auðlind líka“. Nú segja Grindvíkingar að orka í þeirra nágrenni eigi bara að nýtast hjá sér. Er orkan í nágrenni Grindavíkur ekki í okkar eigu líka? Það er löngu orðið tímabært að Vestfirðingar segi upphátt við þjóðina „þið megið eiga orkuna en við eigum Vestfjarðamið“. Frá miðjum Breiðafirði í miðjan Húnaflóa. Það er lagt auðlindagjald á sjávarútveginn af því að þjóðin á auðlindina en orkugeirinn borgar ekki neitt. Ég hélt að fyrst ætti að leggja auðlindagjald á sjávarútveginn og klára það mál og snúa sér síðan að næsta mála-flokki, eins og til dæmis orkunni. En síðan eru liðin nokkur ár og ekkert hefur breyst. Það hefði komið verst við Reykjavík hefði verið sett auðlindagjald á hitann, auðlindagjald á fisk kemur verst við landsbyggðina. Meðalmaðurinn í Reykjavík er ekki að borga mikið í auðlindagjald fyrir fisk, meðaltalið í Reykjavík er sama sem ekki neitt. Þetta er ekkert annað en tilflutningur fjármagns frá landsbyggðinni í sameiginlega sjóði en það væri hægt að laga þetta með því að setja auðlindagjald á allar auðlindir sem við segjum vera í eigu þjóðarinnar.

Þetta er svo kristaltært í mínum huga og vitleysan í þeim í Þorlákshöfn og Grindavík er því lík.

Ég er jafnaðarmaður og er í prinsippi alveg sammála auðlindagjaldi í sjávarútvegi. En ekki nema aðrir borgi líka. Svo er það alveg grand að ríkisstjórnin skuli sleppa okkur við auðlindagjald í þorski verða niðurskurðarins. Mitt fyrirtæki, þessi litla útgerð, verður af 25 milljónum vegna niðurskurðar í þorski. Með því að sleppa auðlindagjaldi í þorski sporum við 200 þúsund kall eða eitthvað álíka. Til hvers voru þeir að þessu?“

Byggðakvótinn verðlaunaefni

„Ég er alltaf óhress við mismun. Grandi lætur lítið í þessa potta sem eru notaðir í línuvinnun og byggðakvóta. Þeir heimildir eru í síld loðnu og karfa að stórum hluta, tegundum sem smábátar geta ekki nýtt. Útgerðin okkar á ekkert í þessum tegundum og því er tekið af okkur í þessa potta. Þetta er ekkert annað en mismun. Þetta byggðakvótadæmi er með slíkum endemum að það ætti að stilla þeim í ráðuneytinu upp og verðlauna þá fyrir þetta. Að geta gert hluti sjálfir, fyrir sjálfa sig til að vinna eftir, svo flókna, er verðlaunaefni. Þessi hátt í 50 ár sem ég hef unnið hef ég alltaf reynt að gera vinnuna mér léttu og það er vinnuregla hjá mér. En annað er uppi á teningum hjá ráðuneytinu því þeim hefur tekist að gera því líkar reglur að það er einungis búið að úthluta 16 prósentum af kvóta síðasta árs. Þetta er náttúrulega vel virði verðlauna. En eitthvað sem er í svipuðum dúr og byggðakvótinn, eitthvað sem getur gripið inn í ef eitthvað klinkar eða menn verða fyrir áföllum, er ekkert vitlaust og er eðlileg samtryggingahugsun. Framkvæmd byggðakvótans er hinsvegar út í hött. Það eru ekki allar útgerðir sem láta í þessa potta, einungis þær sem eru í bolfiski. Það er bara tekið af sumum og það er mismun. Ef loðnuskippin missa nú loðnuna eitt árið þá er ég viss um að þau geri kröfu um uppbótakvóta. En það þarf að vera pottur til að bjarga þar sem er greinileg vát, en pottur-

„Umhverfið er skammsýnt þegar við þurfum að rífast um sölu á rafmagni til álvera og kísiliðju fyrir eina krónu kílóvattið á sama tíma og við þurfum að borga sex og sjö krónur. Við eigum þessa auðlind líka. Um leið og það var farið að tala um auðlindina fisk sagði Morgunblaðið og liðið fyrir sunnan „við eigum þessa auðlind líka“.

inn má ekki vera það stór að menn geti startað útgerð og ætla að lifa á byggðakvóta árum saman eins og það er í dag. Þetta er erfitt mál og ráðuneytið hefur gert það erfiðast.“

Bull að leyfa ekki rækjuveiði í Djúpinu

—Þú varst nú sæmilega hjartsýnn í haust með innfjarðarækjunum.

„Við sem eigum rækjukvóta í Djúpinu sátum fund með Hjalta (Karlssyni, útibússtjóra Hafró á Ísafirði. Innsk. blm) og Guðmundi Skúla (Bragasyni, fyrrum útibússtjóri Hafró á Ísafirði og sérfræðingur á nytjastofnasviði Hafró. Innsk. blm) strax eftir að rannsóknnum lauk í Djúpinu í haust. Það var ekkert sem þeir sögðu sem sagði mér að ekki væri hægt að veiða rækju. Það er eðlilegt að veiða rækju og allt annað er kjaftæði. Guðmundur Skúli fullyrti að lýsa sem er að alast upp í Djúpinu sé mikill ránfiskur og éti rækjuna grimmt. Og hvað á að gera? Á að leyfa lýsunni að éta rækjuna? Maður spyr sig hvað sé eiginlega að. Við nýtum ekki lýsu og því síður rækju sem hún hefur étið og því get ég ekki séð hversvegna ekki má veiða rækju.

Við nöldruðum eitthvað við hann og hann viðurkenndi að hann í raun og veru vissi ekki hvað hann ætti að segja, hvort hann ætti að mæla með veiðum eða ekki. Það er fullt af ýsu í Djúpinu og seiðum og þorski, en það eru heil 4000 tonn af rækju. Fyrir innan Vigur er nóg af rækju og Dröfnin fékk fin höl, tvö, þrjú og fjögur tonn og upp í fimm tonn og Guðmundur Skúli segir að það sýni stofn upp á 4000 tonn. En hann segir líka að þarna sé smáfiskur og hann vildi ekki taka af skarið, svo við bara biðum. Við höldum að veiðar yrðu leyfðar og ef ekki þá myndum við fá leyfi til tilraunaveiða eftir að seiðin færu út. Svo kemur ráðleggingin frá Unni Skúladóttur sem er yfir öllum rækjurannsóknnum og hún mælir ekki með neinni rækjuveiði í Djúpinu. Þetta er bara bull. Unnur gefur út stofnmælingar í úthafsækjunni einu sinni á ári. Bjarni Sæmundsson togaði úti fyrir öllu Norðurlandi í sumar þegar fiskerið var sem mest. Rækjan var flott og falleg og stofninn í vexti. Stofninn lítur svipað út og 1992 þegar Unnur gaf út 45 þúsund tonna rækjukvóta en núna gaf hún út sjö þúsund tonna kvóta. Hvað er að? Af hverju á ég ekki að vera hjartsýnn áfram þegar ég þykist hafa heilbrigða skynsemi fyrir því að þetta sé í



góðu lagi.“

Rækjan í Jökulfjörðum týndist

„Í fyrra var rannsóknin í

Djúpinu stutt, bara tekið annað hvert hal vegna fjárskorts. Á fundinum með Guðmundi Skúla og Hjalta kom fram að í fyrra hafi fundist mikið magn af eins árs rækju í Jökulfjörðum og Guðmundur var rogg-

inn með sig og sagði að þetta sýndi að það borgaði sig að geyma rækjuna og byggja upp stofninn. Nú átti að fara í Jökulfirðina og finna tveggja ára rækju. Hann fann ekki eina. Ég spurði hvort hún hafi

synt út úr Jökulfjörðum eða var hún étin en hann veit það ekki því hann hefur ekki verið að rannsaka þarna síðasta árið en hann segir að hún syndi ekki út. En þeir sem eru á veiðum í utanverðu Djúpinu,

bæði á línu og togveiðum, verða varir við rækju í fiskinum út með öllu Djúpi og alveg út á Hala. Einar Hálfðans sem var skipstjóri á Sólrúnu lengi vel fullyrti að hann varð var við það þegar rækjan flæddi

Mysterious Marta í Einarshúsi í Bolungarvík

Tónlistarkonan Mysterious Marta heldur sína fyrstu tónleika í kvöld í Bolungarvík en hún flytur eingöngu frumsamda tónlist. Tónleikarnir fara fram í Kjallaranum í Einarshúsi og hefjast kl. 21. Marta flutti til Ísafjarðar í byrjun ársins en hún kallar sig nýjan Ísfröðing. Hún hefur verið virk í menningarlífinu, leikið í einþáttungi hjá Litla leikklúbbum og Dórotheu í Galdrakarlinum í Oz, sem sett var upp á Suðureyri. Þess má geta að nafnið Mysterious Marta varð fyrir valinu eftir að Marta hafði kynnst því að vera dularfulla, nýja stelpu á Ísafirði. Miðaverð er 500 kr.



inn álinn og inn á Djúpið. Það þarf engin að segja mér að rækja hreyfist ekki eins hér og annars staðar.“

Áhugaleysi þingmanna á Kampa

–En er það orðið endanlegt núna að rækja verði ekki veidd í Djúpinu næsta árið?

„Það er ekki orðið endanlegt en ég veit ekki hvað ég á að segja um pólitíkusana. Einar Kristinn virðist láta þetta svæði mjög afskiptalítið núna og kemur sjaldan vestur. Þegar þingmennirnir funduðu hér um daginn kom enginn niður í verksmiðju til okkar nema Frjálslyndir. Við vorum þá að starta þessu fyrirtæki mitt í 30 manna atvinnuleysisaumingjaskaps umræðu rétt áður þannig að manni fannst að sumir hefðu mátt kíkja við og segja flott hjá ykkur, þó ekki væri annað. Við erum ekki að biðja um neina styrki, en þingmennirnir virðast ekki hafa áhuga á þessu. Kristinn Gunnarsson og Addi Kitta Gauj komu hingað eftir lokun og allir farnir og varð ekki neitt úr neinu.“

Ég er búinn að tala tvisvar sinnum við Einar Kristin um rækjumálin í Djúpinu því mér finnst það vera atriði fyrir þessar verksmiðjur hér að fá, hvað skal ég segja, hjálp eða spark frá náttúrunni hérna. Það yrði allt annað líf fyrir þessar tvær rækjuverksmiðjur við Djúp ef það bærust á hverjum degi einhver tonn af heimarækju. Einar tók þessu svaka-lega vel í síma en síðan hef ég ekki heyrt í honum. Það sniðuga er að þegar ég var að ræða við Einar sá ég út um gluggann hjá mér, þar sem útsýni yfir Djúpið er gott, hvar Örfirisey kemur siglandi og yfir á Snæfjallaströnd og lætur hlerana fara. Ég trúði þessu ekki. Þúsund tonna togari kominn í Djúpið og spyr Einar hvort hann viti eitthvað um þetta en hann hafði enga hugmynd hvað var að gerast. Svo frétti ég hvað var í gangi, það voru þessar veiðarfæratilraunir og ég kannast ágætlega við þær. Þarna fóru fram nákvæmlega sömu tilraunir og við vorum að gera á litla Gunnbirninum fyrir þennan veiðafærasérfræðing Hafró. En okkur datt ekki í hug að impra á því að fara inn fyrir 12 mílur með þetta veiðarfæri. Strákarnir voru yfir sig ánægðir með trollið, það er ekki það. Við erum að setja upp nýtt troll fyrir stóra bátinn og það er hannað miðað við þetta, þ.e. að í því verði milliþil til að flokka fiskinn.

En Grandi, sem virðist stýra einhverjum hluta af Hafró, fer

með Örfirisey, með sína fjögurra fimm tonna hlera, inn fyrir Borgarey og tekur upp 100 tonn af ýsu. Og þetta er á svæði sem Guðmundur Skúli hafði sagt okkur nokkrum dögum áður að væri kökkur af rækju. Eitthvað segir mér að seiðin hafi þurft að flýja, eitthvað segir mér tugir tonna af rækju hafi drepist. Ég heyrði það frá sjómanni sem er um borð í Örfirisey að trollið hafi verið loðið af rækju. Þannig að ég veit ekki hvað ég á að segja um Hafró. Þetta er magnað apparat, það margt mjög gott sem þeir eru að gera og nauðsynlegt að gera þessa hluti.“

Það kemur of lítið úr Hafró

„Ég er alls ekki á móti Hafró en það er eitthvað að þarna, það er alveg kristaltært. Í stofnun sem hefur rannsakað hafði árum saman standa menn á gati yfir allt of mörgu. Án þess að ég viti í raun nokkuð um það virðist það vera svo að fjöldi manna sé ekki að vinna vinnuna sína því það kemur of lítið út úr þessu og kostnaðurinn allt of mikill miðað við afraksturinn.“

Gott dæmi um ráðaleysi Hafró er steinbítaveiðin. Menn fóru að reyna að lengja steinbítaveitidina með því að veiða hann á hrygningarslóðunum á Breiðafirði. Því var velt fyrir sér hvort ekki ætti að láta hann í friði á hrygningarslóðunum, eins og til dæmis er gert með þorskin. En það var alveg greinilegt eftir viðræður við nokkra menn hjá Hafró að þeir höfðu ekki hugmynd um neitt vörðandi steinbítinn. Þeir vissu jú að hann hrygnir, missir tennurnar og hættir að éta. Fer síðan upp á grunnið grindhoradur og veiddur á línu því hann bitur á allt.

En þetta hafði verið vitað í hundrað ár og veiðiskapurinn sama sem ekkert breyst. Þetta gerði það að verkum að við dældum öllum steinbítaflanum á markaði á sama tíma og svo til gáfum hann. Nú eru togbátarnir að taka hann í troll og reynt að halda markaðinum nokkuð jöfnum þangað til kvótinn á þeim klárast og litlu bátarnir taka við og veiða hann á línu þó það hafi reyndar ekki tekist vel á síðustu vertíð. Með þessu erum við að fá fimmfalt verð fyrir aflann, útgerðum, sjómönnum og þjóðarbúinu til góða. Hafró vissi ekki neitt um steinbítinn og gat ekki leiðbeint mönnum neitt þegar til þeirra var leitað. Aftur á móti verður allt vitlaust ef Hafró getur ekki sagt útgerðarmönnum, og þá sérstaklega á Austurlandi, hvað loðnan er að hugsa. Það verður að elta



hana frá degi til dags. En loðnan er fæða hinna tegundanna. Hún föðrar allt landið og sér um það sjálf því hún syndir hringinn í kringum landið.“

Hafró hefur rétt fyrir sér með þorskinn

–Og hvað finnst þér um ráðgjöf Hafró í vor? Svörtu skýrsluna svokölluðu.

„Ég er ekki á sjó og ætla ekki að tala eins og ég sé með fiskifræði sjómannsins á hreinu eins fræðigreinin er kölluð. Maður heyrir sjávarútvegskallana mikið tala um fiskifræði sjómannsins, smábátasjómennina sérstaklega. Ég heyri á þeim sem eru úti á sjó, að þó þeir tali digurbarkalega um að það sé mikið af þorski, þá er lítið af þorski. Það er búið að ganga mjög illa að fiska þorsk undanfarin ár. Auðvitað er eitthvað af þorski og það kemur upp gott fiskerí á einum og einum stað og hann gengur í kökk á hrygningarsvæðunum. Maður heyrir ekki af þessu óhemju magni sem var hér áður fyrr. Um það eru allir sammála sem ekki eru í pólitísku þrasi við Hafró.“

Ég sat fund með fulltrúum Hafró þegar skýrslan var kynnt og mér fannst þeirra málflutningur vera trúverðugur. Það eru einhverjar skekkjur

ærinu? Hafa ungir menn ekki trú á sjávarútveginn í dag?

„Umræðan í þjóðfélaginu hefur öll verið á þá leið að fólk eigi að fara í háskólanám, í lista-, menningar-, eða eitthvað peningategnt nám. Eðlilegt upplendi manna hér áður fyrr var á þá leið að ungir menn voru með annan fótinn inni í beitningaskúr og bryggjan var leiksvæðið. Ur þessu umhverfi spruttu menn eins og Villi Siggí, Addi Kitta Gauj og fleiri. Nú eru ungir menn dregnir inn í bankann. Ef ungur maður fer í vélaskóla af því hann nennir ekki í bóknám er honum boðið starf í banka til að fylgjast með eignum bankans. Ég veit um menn sem eru búnir að klára vélaskólann og komnir með smiðjuna en fá svo störf í banka á kjörum sem sjávarútvegurinn keppir ekki við.“

Erfitt fyrir sjómenn að koma í land

„Svo er það önnur saga hvernig við komum svo fram við sjómenn sem ætla að koma í land. Þeir fá bara ekkert að gera. Kannski hefði t.d. stýrimannamentunin átt að vera fjölbreyttari, en þegar ég fór í Stýrimannaskóla snérist menntunin ekki um neitt annað en það sem lýtur að stjórn skipa. Ég veit um sjómenn sem taka meiraprófið sextugir í þeirri von um að fá einhverja vinnu. Ég tek oft dæmið um Jón Eggert í Vikinni. Hann var lengi skipstjóri á Guðmundi Péturs og síðar Heiðrúninni. Meiri-háttar öndvegiskarl og hefur ekki verið meira en tólf ára þegar hann fór fyrst á sjó með pabba sínum. Þegar leið á sjómennskuferilinn og hann vildi fara í land þá gekk hann á milli fyrirtækja og spurði um vinnu, kom meðal annars til mín á bilaverkstæðið og spurði hvort hann gæti fengið eitthvað að gera. Ég skildi hann þannig að það var ekkert mál með kaupið, þetta var maður sem var búinn að þéna ágætlega. En ég gat ekki séð fyrir mér að ég hefði neitt fyrir hann að gera, þó hann væri góður vinur minn. Svo fór ég að hugsa dæmið og sá hvað við vorum að gera. Þetta er maður sem við treystum fyrir fimmtán manna áhöfn við verstu aðstæður í heiminum, fyrir skipi upp á mörg hundruð milljónir. Hann er kóngur um borð, allsráður, svo getum við ekki treyst honum fyrir neinu þegar hann er orðinn þreyttur. Jón fór aftur um borð og mér fannst illa farið með hann. Þjóðfélagið á þessum mönnum mikið að þakka, það getur enginn bankamaður neitað því. Sjávarútvegurinn aflaði

gjaldeyrins sem þjóðin keypti allt þetta drasl fyrir. Þegar þessir menn voru orðnir þreyttir þá hentum við þeim. Ég hef í gegnum árin oft hugsað um þetta.“

Byrjaði í útgerð átta ára

–En hvernig stendur á þessu útgerðarbrasi hjá bifvéla-virkjanum? Hefur þú sjálf-ur eitthvað verið á sjó?

„Ég byrjaði í útgerð átta ára gamall þegar ég fékk rauðmaganet hjá föðurbróður mínum og við strákarnir rérum með það út í Bása og Arnarnes, ef maður vill grobba sig þá get ég sagt þessa sögu. En þegar ég var að læra bifvéla-virkjun þá var ég á sjó á sumrin og eftir sveinspróf heila vertíð á sjó. Eftir það tók ég skiptitúra út í Bolungarvík, svona til að halda mér við. Svo naut ég þess að vera tengdasonur Símons Helgasonar sem var með stýrimannanámskeið á Ísafirði áratugum saman. Eitt árið nöldraði hann í mér að ég skyldi setjast á skólabeck og taka stýrimannapróf. Sem ég gerði og settist þar á skólabeck með góðum strákum, Gísla Skarphéðinssyni, Sigurði Ólafssyni, Ella Bússa og fleirum. Ég fékk út úr þessu 200 tonna réttindi sem á reyndar að breyta um áramótin þannig að þau miðist við lengd skipa. Þannig að eftir áramót má ég vera skipstjóri á Gunnbirninum, en ég tek fram að ég segi þetta í gamni.“

Ég var mikið út á sjó í tengslum við björgunarsveitina í Bolungarvík. Var kafari sveitarinnar og þvældist mikið á tuðrum og bátum vegna þess. Svo voru það ferðir til Skotlands að kaupa björgunarbáta og læra á þá. Þannig að sjórinn heldur verið partur af mér. Ég held ég hafi verið 57 ára þegar ég hætt að kafa. Þá var ég nærri búinn að drepa mig á því að átta mig ekki á því að ég var orðinn lélegur til slíkra verka. Það er ansi mikið álag að kafa og ég fór illa með sjálfan mig þar. Svo hef ég verið með hugann við þetta því allir menn sem ég umgekkst í Bolungarvík voru sjómenn eða útgerðarmenn. Sonur minn fer ungur á sjó og pabbi minn og afi voru sjómenn og seglasaumarar þannig að það var alltaf gestagangur útgerðar- og sjómanna á Ísafirði þegar ég ólst upp þar og sjómennska alltaf verið aðal umræðuefnið. Sjómennska hefði átt að verða meiri hjá mér, ég hefði kannski betur gert það í stað þess sem ég gerði, en maður getur alltaf spurt sig slíkra spurninga. En ég er glaður með mitt.“

Mannahallæri í flotanum

„Inn í sjávarútveginn vantar einhverja tvö hundruð vélstjóra. Báðir vélstjórnarnir okkar eru Pólverjar og eru þeir einu sem við fáum til að vera. Við getum fengið menn til að leysa af, en ekki fast. Þannig að vélstjóraleyssið er komið, stýrimannaleyssið er á leiðinni. Flestir stýrimenn í flotanum eru hundgamlir og engin nýliðun þannig að mannahallærið í íslenska fiskiskipaflo- anum er að verða mjög alvarlegt.“

–Hvað veldur mannahall-

Greiða mismikið til tómstunda

Mikill munur er á kostnaði sveitarfélaga vegna æskulýðs- og íþróttamála. Af vestfirskum sveitarfélögum greiðir Tálknafjarðarhreppur mest í þennan málaflökk, samkvæmt árbók sveitarfélaga. Tálknafjarðarhreppur greiðir rúmar 79 þúsund krónur á hvern íbúa í æskulýðs- og íþróttamál. Kaldrananeshreppur greiðir rúmlega 78 þúsund. Í Reykhólahreppi er kostnaðurinn rúmar 74 þúsund krónur, í Vesturbyggð 68 þús. krónur rúmar, Ísafjarðarbær greiðir rétt rúmar 50 þúsund á hvern íbúa í þennan málaflökk, Strandabyggð rúmar 49 þúsund, Bolungarvík mun minna eða tæpar 39 þúsund krónur og Súðavík 26 þúsund krónur.

Vilja rífa Aðalgötu 17 á Suðureyri

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt niðurri á fasteigninni að Aðalgötu 17 á Suðureyri. Húsið er í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar sem sótti um heimild til að rífa húsið. Um er að ræða tveggja hæða hlaðið steinhús sem er vægast sagt illa farið. Í úttekt sem verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf., gerði á húsinu í nóvember í fyrra, var áætlað að kostnaður við endurbætur á húsinu myndi nema um 11,6 milljónum króna. Úttektin var grundvöllur þess að félagið hefur fengið styrk frá varasjóði húsnæðismála.



Ísafjarðarflugvöllur.

Ekki vitað hvenær fjármagn fæst til athugana á millilandaflugi

Á fundi sem bæjarráð og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar áttu með Kristjáni L. Möller, samgönguráðherra fyrir stuttu, gat ráðherra ekki svarað til um hvenær fjármagn yrði útvegað í nauðsynlegan útbúnað á Ísafjarðarflugvelli svo hægt verði að nota hann í millilandaflug. Bæjarráð og bæjarstjóri lögðu sérstaka áherslu á farþegaflug til Austur Grænlands en ráðherra upplýsti þá að fleiri flugvellir biðu eftir úrlausnum til millilandaflugs. Ekki kom fram í hvaða for-

gangsroð þeir væru.

Bæjarráð og bæjarstjóri vöktu máls á millilandaflugi frá Ísafjarðarflugvelli og mögulegu fraktflugi á rússneskum vélum. Ísafjarðarflugvöllur er nógu langur fyrir slíkt flug en í svari frá ráðherra kom fram að viðkomandi flugfélag þyrfti að skila inn flugtæknilegri skýrslu um flugvélina og möguleika hennar á að takast á við aðstæður á Ísafjarðarflugvelli. Eins þurfi flugfélagið og vélin að uppfylla stífar kröfur um flugöryggi sam-

kvæmt alþjóðlegum reglum.

Auk þessa kom fram hjá ráðherra að beðið er eftir skýrslu frá Flugstöðum ohf. um möguleika á næturflugi á Þingeyrarflugvöll. Flugstöðir munu leggja til við Flugmálastjórn, sem heyrir beint undir samgönguráðuneytið, að heimilað verði að fljúga næturflug á Þingeyrarflugvöll og er það í höndum Flugmálastjórnar að taka endanlega ákvörðun.

Fundurinn var haldinn í samræmi við bókun bæjarráðs frá 10. september 2007 þar

sem lagt var fram frá fiskvinnslufyrirtækinu Oddatá ehf. með beiðni um aðstoð af hálfu Ísafjarðarbæjar við að beita sér fyrir sértækum aðgerðum í atvinnumálum.

Í framhaldi af því óskaði bæjarráð eftir fundi með Einari Kristni Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra vegna byggðakvóta, en einnig samgönguráðherra til að ræða m.a. framkvæmdir í tengslum við hugmyndir um beint flug með ferskan fisk á erlenda markaði. – *sigridur@bb.is*

Símaverið í örurum vexti

Símaverið ehf. sem stofnað var í maí á síðasta ári hefur verið í stöðugum vexti frá fyrsta starfsdegi. Til að byrja með voru þrjú starfsmenn hjá fyrirtækinu auk framkvæmdastjórans og var í upphafi stefnt á að vera með 15 starfsmenn að fjórum starfsárum liðnum. Í dag, um einu og hálfu ári seinna, starfa 13 starfsmenn í 10 stöðugildum hjá Símaverinu, þar af tólf konur og segir Hannes H. Haraldsson, framkvæmdastjóri það afar jákvætt enda hafi fyrirtækinu verið vel tekið.

Konur hafa alltaf verið í miklum meirihluta starfsmanna, en fyrir utan framkvæmdastjórnann hefur einn karlmaður unnið hjá Símaverinu, við símsvörun. Hannes segir fyrirtækið vera komið með um það bil 40 viðskiptavinum og um 80% af starfseminni tengist þjónustu við fyrirtæki utan svæðisins.

„Við erum mest í símsvörun, eða um 70-80% starfseminnar. Auk þess eru nokkur úthringiverkefni. Við erum með marga viðskiptavinum, af öllum stærðum og gerðum, allt frá eins manns lögfræðistofum upp í 300 manna fyrirtæki og höfum möguleika á að stækka, hvort sem sú stækking yrði í húsnæðinu sem

við erum í núna, hér í gamla húsnæði Pólsins eða annars staðar,“ segir Hannes.

Í kjölfar þess að Síminn lagði niður starfsemi 118 á Ísafirði settust niður m.a. bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, stjórnendur verktakafyrirtækisins KNH og fleiri áhugasamir einstaklingar og ræddu sóknartækifæri og mátu stöðuna. Í framhaldi af þessum viðræðum þá fengu stjórnendur KNH aðila í lið með sér og stofnuðu Símavernið. Ísafjarðarbær var einn af fyrstu viðskiptavinum Símaversins og var viðskiptasamningur við Símavernið hluti af stefnu bæjarins í að auka verkefni þjónustuvæðs sveitarfélagsins og bæta þjónustuna enn frekar.

„Nokkrar opinberar stofnanir hafa bæst í viðskiptahópinn, m.a. Tálknafjarðarhreppur og nú tímabundið Skattstofa Vestfjarða en mest eru þetta þó einkafyrirtæki. Svo erum við nýbúin að gera samning við stór- an aðila, en við þann samning hafa umsvif okkar aukist um 30%. Við litum björtum augum á framtíðina og á meðan við höldum áætlanum erum við sátt,“ segir Hannes Hrafn Haraldsson, framkvæmdastjóri Símaversins. – *sigridur@bb.is*

Fjórir sóttu um stöðu fagstjóra í haf- og strandsvæðastjórnun

Fjórar umsóknir bárust um starf fagstjóra í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskóla- setur Vestfjarða. Staðan var auglýst á alþjóðlegum vettvangi og er ein af þremur stöðum við Háskólasetrið sem fjármagn fékkst fyrir í Vestfjarðaskýrslunni á vormánuði. Hinar tvær eru verkefnis-

stjóri og sérfræðingur á alþjóðasviði, en þegar hefur verið ráðið í þær stöður. Umsóknarfresturinn rann út 19. nóvember og komu umsóknirnar úr öllum áttum. Ein frá Íslandi, ein frá meginlandi Evrópu, ein frá Asíu og ein frá Ameríku. Af þessum umsókjendum eru þrjú Íslendingar.

Peter Weiss, forstöðumaður Háskólasetursins er þessa dagana að undirbúa viðtöl við umsækjendur. „Við munum taka viðtöl í gegnum fjarfundabúnað og það þarf að taka tillit til tímabelta og svo framvegis, þannig að þetta er frekar tímabært ferli. Umsóknirnar eru mjög áhugaverðar og það

verður erfitt að velja úr. Við ákváðum að fara í beina auglýsingaherferð fyrir þetta starf og auglýsa í gegnum póstlista, fara á heimasíður háskóla og stofnana og senda beiðnir til fólks um að koma auglýsingunni áfram. Það tók tímansinn, en hefur greinilega virkað vel,“ segir Peter.

Vill vita hvar brýnasta þörfin er fyrir þriggja fasa rafmagn

Íðnaðarráðuneytið hefur óskað eftir upplýsingum um hvar sé mest og brýnust þörf á tengingu við þriggja fasa rafmagn í Ísafjarðarbæ og til hvaða starfsemi. Verið er að endurmeta þörfina fyrir þriggja fasa rafmagn en í kjölfar þingsályktunartillögu sem sam-

þykkt var á Alþingi árið 1999 var gerð úttekt á því hve mikið vantaði á raflagnir í landinu. Einnig var metin þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og lagt mat á kostnað við að tryggja landsmönnum aðgang að því. Skýrsla um varðandi þessi

mál kom út 2002 og síðan þá hefur dreifikerfið verið endurnýjað mikið en ljóst er að enn vantar nokkuð upp á að allir sem hafa þörf fyrir þriggja fasa rafmagn hafi aðgang að því. Íðnaðarráðuneytið hefur því skipað vinnuhóp til að endurmeta stöðuna á lands-

byggðinni. Hópurinn er skipaður af Helgu Barðadóttur fulltrúa íðnaðarráðuneytisins og formanns hópsins, Péttri Þórðarsyni hjá Rarik og Halldóri V. Magnússyni hjá Orkubúi Vestfjarða.

Um 47% af dreifikerfinu er þriggja fasa og í október 2007



Halldór V. Magnússon hjá Orkubúi Vestfjarða á sæti í vinnuhópnum sem vinnur að því að finna út hver þörfin fyrir þriggja fasa rafmagn sé mikil.

höfðu 2.489 lögbýli, eða 38% lögbýla í landinu, ekki aðgang að þriggja fasa rafmagn. Þó er vert að taka fram að einungis helmingur þeirra sem hafa aðgang að þriggja fasa rafmagn hefur kostið að notfæra sér þann möguleika. Þeir aðilar sem mesta þörf hafa á

þriggja fasa tengingu stunda ýmiskonar smáíðnað, eru stórir aðilar í ferðaþjónustu eða eiga stór býli.

Sveitarfélögum ber að skila upplýsingum varðandi þörf á þriggja fasa rafmagn fyrir 1. febr. Bæjarráð tók erindið fyrir og vísaði því til tæknideildar.



Allur matur á að fara ...

með flutningabilum búnum sérhönnuðum kæli- og frystitækjum og geymast í þar til gerðum vörumóttökum, vottuðum af gæða- eftirlitskerfi GAMES. Vel skipulagt flutningakerfi og reynsla í faglegum matvælaflutningum um allt land tryggja að neytandinn fær vöru sína ferska innan 24–48 tíma og alla leið

... upp í munn og ofan í maga!

Frekari upplýsingar um afgreiðslustaði er að finna á landflutningar.is

Landflutningar
SAMSKIP



Hljómsveitin Reykjavík! Ljóm: Hörður Sveinsson.

Reykjavík! tekur upp nýja plötu í febrúar

Hljómsveitin Reykjavík! sem er að mestu skipuð Ís-firðingum, áætlað að hefja upptök á efni á næstu plötu í febrúar á næsta ári. Hljómsveitin hefur staðið í strongu undanfarið ár eftir að hin rómaða plata þeirra Glacial Landscapes, Religion, Oppression and Alcohol kom út í fyrrasumar. Platan fékk feiknar góða dóma hjá öllum helstu plotuskribentum landsins og hefur selst vel. Haukur Sigurbjorn Magnússon, gítarleikari Reykjavíkur! segir að nú þegar sé búið að prenta fjögur upplög af plötunni og það fimmta á leiðinni. „Platan hefur selst ótrúlega vel. Við gáfum svo út EP-plotuna Dirty weekend with Reykjavík! í mars 2007 og byrjum að taka upp nýja plötu í febrúar áður en við forum í Ameríkutúr,“ segir Haukur sem er rétt kominn heim úr tónleikaferðalagi sveitarinnar um Benelux-löndin. „Á þessu ferðalagi sem við vorum að koma úr núna spiluðum við m.a. á listahátíðinni les

grandes Traversées í Bordeaux sem er verulega flott hátíð, skipulögð af Ernu Ómarsdóttur, einum besta dansara í heimi.“ Ferðalag hafa verið tíð á þessu rúma ári sem liðið er frá útgáfu plötunnar og sveitin farið um allan heim og spilað á morgnum þekktum hátíðum. Reykjavík! hefur spilað á Hollandi, á bransaráðstefnu í Cannes í Frakklandi, Þrándheimi í Noregi og SXSW hátíðinni í Texas. Þá spiluðu þeir á nokkrum tónleikum í New York, í Árósum og Kaupmannahöfn, Eistlandi, Finnlandi og Köln, Kanada og Iceland Airwaves að vanda. Tónleikaferðirnar hafa vægast sagt verið árangursríkar, en Reykjavík! á lag á árlegum tónlistarsafndiski tímaritsins The Believer ásamt listamönnum á borð við Sufjan Stevens, Beirut, Deerhunter o.fl. Hljómsveita sem þykja skara fram úr í bandarísku neðanjarðarrokki þessa dagana. Hljómsveitin hefur verið iðin við tónleikahald

erlendis og lagasmíðar á árinu og því lítið látið sjá sig undir merkjum sveitarinnar hér vestra, en það er einlæg von Hauks og strákanna í Reykjavík! að bragarbót verði gerð á því hið fyrsta. „Við vorum að pæla í að koma vestur í kringum 1. desember með vinum okkar í Sprengjuhollinni, en ég veit ekki hvort það gengur eftir, við

erum rosalega þreyttir eftir Evróputúrinn.“ Þess má geta að Ásgeir Sigurðsson, gítarleikari gekk nýverið til liðs við sveitina og telur Reykjavík! sex meðlimi. Auk Hauks eru fyrrnefndur Ásgeir, Valdimar Jóhannsson, Guðmundur B. Halldórsson, Kristján Freyr Halldórsson og sunnanmaðurinn Bóas Hallgrímsson. – sigrður@bb.is

Góð aðsókn að frumgreinanámi

Háskólasetri Vestfjarða hafa borist um 15 umsóknir í frumgreinanám, sem er nýjung í námsframboði setursins. Kennsla á 1. önn hefst í janúar og geta þeir sem sjá sér ekki fært að hefja nám þá, sótt um námsvist á haustönn 2008. Eftir það verða teknir inn nýir nemendur á 1. önn annað hvert ár, næst haustið 2010. Þeir sem hefja fullt nám í janúar munu þá útskrifast í desember 2009.

Martha Lilja Marthensdóttir Olsen, kennslustjóri Háskólasetursins segir aðsóknina fara fram úr björtustu vonum og að umsækjendur skiptist nokkuð jafnt í fjarnema og staðnema. „Þetta er mikill sigur fyrir okkur og ég vil hvetja áhugasama til að hafa samband, það er enn nóg af lausum plássum.“

Á heimasíðu Háskólasetursins má finna upplýsingar

um kröfur til umsækjenda. Þar segir að umsækjendur skuli hafa lokið skilgreindu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi úr iðn-, verkmennta-, eða fjölbrautaskóla, eða sambærilegu námi en ekki er gerð krafa um sveinspróf. Nemendur sem uppfylla ekki þessi skilyrði geta einnig sótt um nám í frumgreinum, hafi þeir umtalsverða starfsreynslu og séu 25 ára eða eldri. Fyrir þessa nemendur er lengd námsins og samsetning háð undirbúningi viðkomandi.

Námið er að öllu leyti sama nám og við frumgreinasvið HR og byggir á traustum grunni frumgreina-deildar Tækniháskóla Ísland. Frumgreinanám er kjörin leið fyrir iðnaðarmenn og aðra sem ekki hafa lokið stúdentsprófi og þurfa á frekara undirbúningi að halda til þess að geta komist í háskólanám.

Viltu gefa öðruvísi Jólagjöf?

Hvernig væri að gefa þeim sem þér þykir vænt um gjafabréf hjá Hertz bilaleigu. Þú velur uppþæðina og viðtakandi getur notað bréfið sem innborgun fyrir bilaleigubíl innanlands og erlendis.* Að auki tryggir þú með því viðbótar afslátt af okkar bestu kjörum hverju sinni.

Hafið samband við okkur og fáið frekari upplýsingar í síma 522 44 00 eða á hertz@hertz.is

* Gjöfverð gildir í tilhefðunni fyrir innviðsmarkað heft með 100 km og ótakmörkuð akur. Gildir eingöngu í samningssvæðum okkar erlendis.



HG er stærsta fyrirtæki Vestfjarða

Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf. er stærsta sjávarútvegsfyrirtækið á Vestfjörðum miðað við veltu samkvæmt tímaritinu Frjálsri verslun. Velta HG hf., var 2.859 milljónir króna á síðasta ári og hafði aukist um 37 milljónir á milli ára. Að meðaltali voru 135 starfsmenn hjá HG árið 2006 og heildarlaun voru 801 milljónir króna. Meðallaun ársstarfsmanns voru því 5,9 milljónir króna. HG er í fjórtánda sæti yfir sjávarútvegsfyrirtæki á landinu og ber þar höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki í fjórðungnum en næst því kemst Oddi hf. á Patreksfirði sem er í 25. sæti. Ársvelta Odda hf. var 936 milljónir króna.

Arkiteó styrkir unga skíðamenn

Arkiteó ehf., Arkitektastofa Einars Ólafssonar, hefur ákveðið að styrkja þá skíðamenn Skíðafélags Ísfirðinga sem valdir hafa verið í landsliðshópa. Um er að ræða sex unglinga, fimm í göngu og einn í alpagreinum. Anna María Guðjónsdóttir, sem nýlega var við æfingar í Austurríki og er nú stödd á Akureyri með landsliðinu, fær fyrsta styrkinn að upphæð 50.000 krónur. Í lok febrúar fara göngukrakkarnir fimm í æfinga- og keppnisferð til Noregs og munu þeir þá eiga von á sams konar styrk. Einar var lengi fremsti gönguskiðakappi Ísfirðinga.

Langstærsta framkvæmdin um árabíl

Bolungarvíkurkaupstaður hefur sam- ið við S.Z.Ól. trésmiði um fyrsta áfanga framkvæmda við uppbyggingu Félagsheimilis Bolungarvíkur. Skrifað var undir samning þess efnis í síðustu viku. Um er að ræða niðurrif og undirbúning fyrir uppbygginguna.

„Uppbygging og endurbætur á Félagsheimili Bolungarvíkur er langstærsta einstaka framkvæmdin sem sveitarfélagið hefur ráðið í um árabíl. Í áætlunum er gert ráð fyrir að leita eftir allt að 30% af fjármagni sem þarf til verksins hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Þetta er vissulega mikil fjárfesting fyrir bæjarsjóð Bolungarvíkur en flestir eru sammála um að hún sé óhjákvæmileg og nauðsynleg til uppbyggingar Bolungarvíkur“, segir í frétt frá Grími Atlasyni, bæjarstjóra Bolungarvíkur.

Útboðsgögn vegna uppbyggingarinnar liggja á bæjarskrifstofu frá og með fimmtudeginum og verða tilboð opnuð þann 18. desember. „Félagsheimilið hefur um árabíl verið stolt Bolvíkinga og goðsagnakenndar sögur af mönnum, sem komu beint af sjónum til þess að leggja sitt að mörkum við byggingu þess, fylla íbúa Bolungarvíkur enn þann dag í dag stolti. Það má því með sanni segja að dagurinn í dag markar ákveðin tímamót í sögu Bolungarvíkur“, segir Grímur.

– thelma@bb.is



Jón Sveinsson og Sigurður Z Ólafsson hjá S.Z.Ól. trésmiði og Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur handsala samninginn.

Frumvarp um Háskóla á Ísafirði sent til umsagnar

Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Háskólann á Ísafirði hefur verið send öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, öllum svæðissamtökum sveitarfélaga á landinu, háskólum landsins og öðrum sem kunna að hafa eitthvað

um frumvarpið að segja, alls 31 umsagnarbeiðni. Frestur til að senda inn umsögn til menntamálanefndar rann út 5. desember. Allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni „Innsend erindi“ á síðu þingmálsins þegar nefndin hefur lokið um-

fjöllun um málið.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, að Vestfirðingar hafi staðið frammi fyrir erfiðum byggðavanda undanfarin ár og hafi stjórnvöld viðurkennt vandann, nú síðast með boðuðum mótvægisáðgerðum vegna samdráttar í veiðum á

þorski fyrir næstu fiskveiðiár. Vestfirðingar búi við einhæft atvinnulíf og því ljóst að samdrátturinn muni hafa veruleg áhrif á afkomu fólks á svæðinu. Vonir standi til þess að með stofnun háskóla verði þessi áhrif milduð enda megi gera ráð fyrir að háskóla fylgi

aukin tækifæri til nýsköpunar og sérhæfingar.

Frumvarpið var lagt fram af þremur þingmönnum Frjáls-

lynda flokksins, Kristni H. Gunnarssyni, Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Jóni Magnússyni. – sigridur@bb.is

Minkurinn enn helsta vandamál æðarbænda

Aðalfundur Æðarrættarfélag Íslands var haldinn nýlega í Reykjavík og bar þar einna hæst hin endalause baráttu æðarbænda við minkinn. Fyrir um það bil ári veitti ríkisstjórnin fjármagni til útrýmingar minknum en formaður félagsins, Jónas Helgason frá Æðey segir að helsta vandamálið sé minkur sem hreiðri um sig á svæðum sem lítið er sinnt og hann getur dafnað á í friði. Þau svæði þar sem herjað er á minkinn sem hluti af tilrauninni, eru við austanverðan Eyjafjörð og á Snæfellsnesi. Tilraunin á að standa í þrjú ár

og er fyrsta árið nú liðið.

Auk þess að þurfa að kljást við minkinn veldur titringur á mörkuðum í Asíu lægd á æðardúnsmarkaði og óhagstætt gengi lækkar verð. Við Breiðafjörð veldur örninn usla en þó mest óbeint, því helsti ásteytingarsteininn í umræðunni um örninn og áhrif hans á æðarvarpið hefur verið vöktunarflug Náttúrufræðistofnunar sem fylgist með arnarvarpi. Æðarbændur hafa kvartað undan því að lágflug vaktmanna trufli æðurin þegar hann hreiðrar sig. Að öðru leyti reyni bændur að setja

upp fælur og beita einhverjum aðferðum til að hindra að örninn setjist upp í landi þeirra.

Nýliðun í æðarbændastétt er ágæt, að sögn Jónasar. „Í allri þeirri umræðu sem hefur verið um ríka menn sem safna bújörðum líkt og um skartgripi sé að ræða hefur ekki komið fram að margir þeirra hafa áhuga á eða leggja stund á æðarrækt, þar sem það er hægt. Enda er þetta ekki mjög bindandi búskapur, nema frá snemma á vorin og fram yfir varp, og svo er hægt að senda dúninn frá sér í hreinsun,“ segir Jónas Helgason frá Æðey.

Mikil æðardúnsframleiðsla er á Vestfjörðum, að Breiðafirði meðtöldum, en talið er að um 30% dúns sem framleiddur er á Íslandi komi af Vestfjörðum. Æðardúnsframleiðsla á Íslandi getur verið 3000 kíló í góðu ári en það dugar í um 4-5000 sængur, allt eftir því hvort notað sé hálf eða 1 kíló af hreinum dúni. Um 70-80% heimsframleiðslu æðardúns fer fram á Íslandi og er vart hægt að finna umhverfisvænni framleiðslu á munaðarvöru, sem æðardúnninn vissulega er, enda allt sjálfbært. – sigridur@bb.is



Tilboð óskast!

Tilboð óskast í fjölbýlið að Holtabrún 14-16 í Bolungarvík. Eignin selst í einu lagi. Um er að ræða steinsteypt fjölbýlishús á þremur hæðum með tveimur stigagöngum. Í hvorum stigagangi eru sex íbúðir, allar 4ra herbergja, 100,2m² að stærð. Húsið er nýlega uppgert að utan.

Tilboð óskast fyrir 15. desember 2007.

Upplýsingar hjá Fasteignasölu Vestfjarða í síma 456 3244 og eignir@fsv.is.

Hnífsdælingurinn Guðrún Hafdís Thoroddsen bikarmeistari í móðelfitness

Hnífsdælingurinn Guðrún Hafdís Thoroddsen, stóð uppi sem bikarmeistari alþjóðasambands líkamsræktarmanna í móðelfitness sem fór fram í Austurbæ í Reykjavík fyrir stuttu. „Ég bjóst við því að ganga vel þar sem ég hafði lagt hart að mér og tekið góðan undirbúning fyrir mótið, en ég bjóst ekki við að sigra þar sem stelpan sem hafnaði í þriðja sæti er bikarmeistari frá því í fyrra og sú sem varð í öðru sæti er Íslandsmeistari“, segir Guðrún Hafdís en hún tók nú þátt í mótinu í fyrsta sinn. Aðspurð um undirbúninginn segist hún hafa verið átta vikur í ströngu prógrammi en byrjað að huga að mótinu um tveimur mánuðum fyrr. „Nú er bara að halda sér í góðu formi svo það verði ekki eins erfitt að búa mig undir næsta mót en ég ætla að keppa í Íslandsmeistaramótinu sem fer fram á Akureyri um páskana.“

Dómarar voru nánast á einu máli um að Guðrúnu Hafdís bæri sigursætið. Keppnin í flokknum var þó afar jöfn á milli keppenda. „Það var enginn hæðarleikur fyrir dómarana að dæma á milli keppenda í móðelfitness. Í þessum keppnisflokki eru aðrar áherslur hjá dómurum heldur en í fitness. Minni áhersla er lögð á að keppendur séu skornir, vöðvastærð verður að vera mjög hófleg og framkoma og fegurð skiptir miklu máli. Í flokknum kepptu 11 keppendur sem voru hver öðrum betri“, segir á fitness.is. Þess má geta að Ísfríðingurinn Solveig Silfá Sveinsdóttir keppti einnig á mótinu í Fitness kvenna undir 164 sm og hafnaði í 4-10 sæti. Einnig vann Svavar Már Einarsson með yfirburðum í vaxtarækt, en hann bjó á Ísafirði til margra ára.



Guðrún Hafdís Thoroddsen fagnar hér sigri ásamt Huguínu Árnadóttur sem var í öðru sæti og Inga Þóra Ingadóttur í þriðja sæti.

3X Technology selur slægingarlínu til Noregs

3X Technology á Ísafirði hefur selt nýja gerð af slægingarlínu til Noregs. Línan er ný hönnun og sú fyrsta sem hefur verið seld. Slægingarlínan er sérstaklega hönnuð til að auka verðmæti afurðanna með bættri meðhöndlun og auka afköst með bættri vinnuástöðu. Slægingarlínan er framleidd fyrir fyrirtækið GBG Norge AS í Noregi sem er dótturfyrirtæki GBG á Íslandi.

Slægingarlínan er 10 stæða og á hverri vinnustöð eru sér hölf fyrir lifur, hrogn og slóg. Fiskurinn fer að lokinni slægingu eftir bandi í þvott og þaðan aftur í kar. Lifur, hrogn og slóg fer síðan í kar hvort fyrir sig. Línan er útbúin bæði með hand- og sjálfvirkri innmötunarstýringu.

Karl Ásgeirsson hjá 3X Technology, segir að innlengi markaðurinn hafi dottið niður eftir að niðurskurður í þorskvóta var kunnigjörður í sumar. Því hafi stjórnendur 3X herjað á erlenda markaði og leitað eftir verkefnum og sú vinna virðist vera að skila sér því eitthvað er að lifna við þessu að sögn Karls.

– smari@bb.is



Slægingarlínan í húsnæði 3X Technology á Ísafirði þegar hún var prufukeyrð á dögum. Mynd: Róbert Hafsteinnsson.

Þjóðsögur úr Ísafjarðarbæ væntanlegar

Kómedíuleikhúsið vinnur nú að útgáfu hljóðbókanna Þjóðsögur úr Ísafjarðarbæ og er hún væntanleg á markaðinn næstu daga. Ísafjarðarbær er mikið og stórt sagnasvæði sem nær allt frá Dýrafirði til Hornstranda. Í hljóðbókinni er að finna 33 þjóðsögur sem er skipt niður í fimm flokka: Álfa- og huldufólksögur, Draugasögur, Galdrasögur, Skrimslasögur og Tröllasögur. Sögurnar eru sóttar í hin ýmsu þjóðsagnasöfn einsog safn Jóns Arnasonar og Arngrims Fr. Bjarnasonar.

Það er Kómedíuleikarinn Elfar Logi Hannesson sem flytur sögurnar. Hljóðbókin

er nú í fjölföldun og ætti að vera komin á markaðinn í byrjun desember að því er fram kemur á vef Kómedíuleikhússins. Þetta er önnur hljóðbókin sem Kómedíuleikhúsið gefur út en í vor sendi Kómedía frá sér bókina Þjóðsögur úr Vesturbyggð.

Hljóðbækurnar fást á vef Kómedíuleikhússins og er þegar byrjað að taka við pöntunum á nýju hljóðbókinni, Þjóðsögur úr Ísafjarðarbæ. Einnig eru hljóðbækurnar til sölu á Hótel Ísafirði, í versluninni Orkustein á Ísafirði og Veitingastofunni Vegamót á Bildudal.

Búist við allt að 800 keppendum á öldungamót í blaki

Undirbúningur fyrir 33. öldungamót Blaksambands Íslands er hafinn af krafti en mótið verður haldið á Ísafirði og nágrenni 1.-3. maí á næsta ári. Mótið er stórviðburður í blakheiminum og eitt af stærstu íþróttamótum fyrir fullorðinna sem haldin eru á landinu. Eins og greint hefur verið frá er von á 600-800 þátttakendum á mótið en allir blakarar sem eru 30 ára og eldri hafa þátttökurétt. „Ljóst má vera að ómetanlegt er fyrir svæðið að fá svo stóran hóp fólks á aldrinum 30-70 ára í heimsókn. Þetta er væntanlega sama fólkið og tekur ákvarðanir um ferðir sinnar fjölskyldu

um landið á sumrin og vel heppnað mót mun skila jákvæðu umtali víða í samfélaginu“, segir í frétt frá blakfélaginu Skellur sem hefur umsjón með mótinu.

Nauðsynlegt er að keppa á a.m.k. sex völlum og er gert ráð fyrir að leikið verði á Flatreyri, Suðureyri, Bolungarvík og á þremur völlum á Torfnesi. Óskað hefur verið eftir því að 60 ára og eldri fái að spila í sérstakri deild á minni velli, við lægra net. Ef af verður hafa Skellurnar í hyggju að falast eftir íþróttahúsinu í Súðavík fyrir þá keppni. Mótið er haldið sömu helgi og Fossavatnsgangan og hefur

verið samstarf milli mótshaldara meðal annars hvað varðar gisti- og aðstöðumál. Þegar hafa fjölmörg lið bókað gistingu á gistiheimilum, heimavistum, sölum, íbúðaleigum og mörg hver hafa útvegað sér gistingu í heimahúsum.

„Mikilvægt er að umgjörðin um sjálfa keppnina sé eins góð og fagleg og hægt er. Blakfélagið hefur lagt fram beiðni í gegnum HSV til íþrótt- og æskulýðsnefndar, um afnot af íþróttahúsum án endurgjalds og um endurnýjun blakbúnaðar í þeim íþróttahúsum þar sem keppt verður. Víðast hvar er löngu kominn tími á endurnýjun og er ástandið á stöng-

um og netum í íþróttahúsinu á Torfnesi t.d. þannig að það er til mikilla trafala á æfingum félagsins. Það myndi draga alla athygli frá umgjörð mótsins að öðru leiti ef keppnisáðstæður eru ekki eins og best verður á kosið“, segir í frétt frá Skellurnar.

Skellurnar hafa leitað eftir liðsinni Ísafjarðarbæjar varðandi framkvæmd mótsins. Bæjarráð tók jákvætt í erindi félagsins og lýsti yfir vilja til samstarfs. Erindinu var vísað til íþrótt- og tómsundarnefndar. Ásdís Birna Pálsdóttir er framkvæmdastjóri mótsins.

– thelma@bb.is

Sátt og samstaða um kröfur komandi kjarasamninga

Góð samstaða um sameiginlegar kröfur í komandi kjarasamningum náðist á formannafundi Starfsgreinasambands Íslands fyrir stuttu. Á vef Verkalýðsfélags Vestfirðinga segir að félögin innan Starfsgreinasambandsins hafa lagt mikla og góða vinnu í

undirbúning heildarkröfugerðarinnar.

„Það að sátt og samstaða hafi náðst um kröfurnar er mikils virði og segir okkur að þau megin markmið félaganna um umtalsverðar hækkningar lægstu launa og aukinn kaupmáttur verði rauði þráðurinn í

þeim“, segir á verkvest.is. Formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga stefnir að því að kynna kröfurnar fyrir stjórn og trúnaðarmannaráði á sameiginlegum fundi þegar þær verða fullmótaðar.

Vinna í starfshópum vegna komandi kjarasamninga er á

góðu skriði og að því er fram kemur á vef Verk-Vest hafa félögin verið öflug í að senda inn hugmyndir að því sem þarf að breyta og bæta. Þá hefur verið unnið að því að koma inn í kjarasamning þeim atriðum sem uppá hefur vantað varðandi réttinda- og kjaramál.

Ísafjarðarbær kaupir Suðurtanga

Byggðastofnun hefur selt Ísafjarðarbæ fasteignina að Suðurtanga 2 á Ísafirði. Fimm aðilar buðu eignina en sveitarfélagið var hæstbjóðandi og keypti eignina á 3,2 milljónir króna. Eins og greint hefur verið frá ákvað Ísafjarðarbær að ganga inn í kaupsíðboð Siglingaklúbbsins Sæfara á fasteigninni. Húsnæðið var í eigu

nokkurra aðila, þar á meðal Sæfara sem hefur einnig verið í leiguhúsnæði sem nú er í eigu Byggðastofnunar. Sæfari hefur gert tilboð í þann hluta fasteignarinnar upp á 3,2 milljónir króna. Bæjarráði Ísafjarðarbæjar taldi réttlæt看legt að ganga inn í kaupsíðboð Sæfara en sem kunnugt er Suðurtangi alveg við safnasvæðið í Neð-

stakaupstað og þess vegna er mikilvægt að hugsa um framtíðarmýtingu þess húss í þágu safnasvæðisins.

„Vel mætti hugsa sér áframhaldandi afnot Sæfara af húsnæðinu gegn leigugjaldi til bæjarins. Aðstaðan þykir hæfa siglingaklúbbsnum afar vel enda alveg við Pollinn. Í umræddu húsnæði er meðal

annars búningaástaða með fataskápum, þurrkerbergi, sturtuástaða og hluti af geymsluplássi fyrir kænur, kayaka og aðra báta í eigu,“ segir í álitni bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Einnig eru uppi hugmyndir að nýta húsnæðið fyrir Byggðasafnið og sýningarstöðu t.d. fyrir harmónikkusafn Ásgeirs Sigurðssonar.

Tilboð opnuð í eftirlit með gerð Bolungarvíkurganga

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í eftirlit með gerð Bolungarvíkurganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Jarðgöngin eru um 5,1 km löng og er breidd þeirra um 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 310 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 2,1 km langs vegar í Hnífsdal og um 1,6 km vegkafla í Bolungarvík eða samtals um 3,7 km. Í lagningu vega er einnig innifalin gerð vegtenginga á báðum stöðum. Byggja á 8 m langa brú yfir Hnífsdalsá og 32 m langa brú yfir Ósá í Bolungarvík. Þeim sem bjóða í verkið ber að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfnisbjóðanda og verðtilboð.



Óshlíð milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.

Tilkynnt verður hverjir hafa boðið í verkið 15. janúar. Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 22. janúar þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð. Útbóðið er einnig auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

– thelma@bb.is

„Ekki ætlunin að gefa afslátt!“

Starfsgreinasamband Íslands hefur lagt fram kröfur aðildarfélaganna til Samtaka atvinnulífsins varðandi komandi kjarasamninga. Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga segir ekki vera um að ræða bólgna kröfur eins og verkalýðshreyfingin hefur oft verið sökuð um, heldur séu þær til þess gerðar að laga stöðu þeirra sem eru á lægstu tóxtunum án þess að skapa þjóðhagslegan

óstöðugleika.

„Það er ekki ofrausn að ætla vinnumarkaðnum það hlutverk að koma á mótis við þá sem búa við bágust kjörin því er engin ástæða til að gefa neinn afslátt á framkomnum kröfum.“ Kröfurnar eru þær að lágmarkslaun verði hækkuð verulega. Gert er ráð fyrir að laun hækki almennt um 4% 1. janúar n.k og svo aftur um 4% 1. janúar 2009. Þá er þess krafist að allir launataxtar

SGS hækka þann 1. janúar n.k. um kr. 20.000 og aftur um kr. 15.000 1. janúar 2009. Lagt er til að lágmarks tekjuþrygging í dagvinnu hækki úr 125.000 krónum í 150.000 krónum þann 1. janúar og verði 165.000 krónum 1. janúar 2009.

„Ríkisstjórnin heldur reyndar á stærsta trompinu í þessum kjarasamningum, og má jafnvel leiða að því líkum að þeir hafi lykilmín í höndum sér þeg-

ar kemur að útspli þeirra í skatta og velferðarmálum. Ein mesta kjarabót frá ríkisvaldinu til þeirra sem búa við kröppust kjörin er hækkun skattleysismarkna eða upptaka skattþrepa á tekju lægstu hópana. Með aðkomu ríkisvaldsins í formi róttækra aðgerða í skatta og velferðarmálum væri jafnvel hægt að hraða gerð kjarasamninga á skynsamlegu nótunum“, segir Finnbogi á vef Verk-Vest. – thelma@bb.is

FASTAIGNASALA VESTFJARÐA

Tryggvi Guðmundsson hdl - löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason - löggiltur fasteignasali

Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

| | |
|--|---|
| <p>Miötún 29, Ísafirði</p> <p>Steinsteypt einbýlishús á góðum stað, klætt að utan með stálklæðningu, húsið er á tveimur hæðum og er samtals 201 m² með sólstofu.</p> <p>20.500.000,-</p> | <p>Hlíðarvegur 43, Ísafirði</p> <p>Steinsteypt 185,9 m² endaradhús á þremur hæðum ásamt 27 m² sér bílskúr, samtals 213 m². Séríbúð á neðstu hæð hentar vel til útleigu.</p> <p>19.300.000,-</p> |
| <p>Bakkavegur 29, Hnífsdal</p> <p>279,4 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með 5 svefnherbergjum og 60 m² innbyggðri bilgeymslu á neðri hæð.</p> <p>Tilboð óskast</p> | <p>Stórholt 7, Ísafirði</p> <p>81 m² þriggja herbergja íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýli, þvottahús í íbúð og geymsla í sameign.</p> <p>7.500.000,-</p> |
| <p>Túngata 3, Ísafirði</p> <p>Tveggja til þriggja herbergja 80,5m² íbúð á jarðhæð í fjórþýlishúsi, nýjar lagnir, nýtt parket á gólfum. Fin íbúð á góðum stað.</p> <p>8.700.000,-</p> | <p>Ólafstún 3, Flateyri</p> <p>Mikið endurnýjað 199 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi.</p> <p>15.500.000,-</p> |
| <p>Fjarðarstræti 38, Ísafirði</p> <p>72 m² mikið endurnýjuð þriggja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi.</p> <p>8.300.000,-</p> | <p>Túngata 18, Ísafirði</p> <p>53,4 m² tveggja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi, ný eldhúsinnrétting.</p> <p>6.500.000,-</p> |
| <p>Stakkanes 6, Ísafirði</p> <p>144,2 m² radhús á tveimur hæðum ásamt 29,6 m² bílskúr. Þrjú svefnherbergi, sólstofa og glæsilegur sólpallur.</p> <p>19.500.000,-</p> | <p>Hjallastræti 25, Bolungarvík</p> <p>Steinsteypt 123 m² einbýlishús á einni hæð með 35 m² bílskúr. Fjögur herbergi, nýr vatnshitakútur.</p> <p>10.700.000,-</p> |

Leigjendur og leigusalar athugið! Nú er hægt að auglýsa eignir til leigu eða óska eftir eignum til leigu á vef okkar



Höfuðstöðvar Verkalýðsfélags Vestfirðinga er á Ísafirði.

Stígur efnilegasti glímumaðurinn

Stígur Berg Sophusson, glímumaður hjá Íþróttafélaginu Herði, hefur verið útnefndur efnilegasti glímumaðurinn árið 2007. Stjórn Glimusambands Íslands ákvað á fundi sínum fyrir skömmu að útnefna efnilegasta glímufólkið en auk Stígs varð fyrir valinu Sýlvía Ósk Sigurðardóttir hjá HSB. „Stígur Berg Sophusson sem keppir fyrir Hörð frá Ísafirði er ungur og mjög efnilegur glímumaður sem tekið hefur stórstíggum framförum í Íþróttinni á skömmum tíma og með sama áframhaldi verður hann kominn í hóp þeirra albestu eftir fáein ár“, segir í umsögn stjórnar GLÍ.

Ívars-stúlkur komu hlaðnar verðlaunum

Íþróttafélagið Ívar á Ísafirði sendi fyrir stuttu þrjár afreksstúlkur í sundi á Íslandsmeistaramót Íþróttasambands fatlaðra í 25 metra laug. Þær Elma Guðmundsdóttir, Kristín Þorsteinsdóttir og Ragný Líf Stefánsdóttir komu heim með fimm gull, eitt silfur og tvö brons. Árangur mótsins kemur til með að hvetja þær á æfingum en stúlkurnar stefna á að komast á mót í Malmö í Svíþjóð í febrúar á næsta ári. „Stjórn félagsins og þjálfari eru mjög stolt af árangri stúlkunnanna og sérstaklega þegar tekið er tillit til æfingaaðstöðu“, segir í tilkynningu frá Ívari.



Halldór rær á Pollinum á sérsmíðuðum grænenskum kayak.

Rær um á Grænendingi

Halldór Sveinbjörnsson, kayakræðari á Ísafirði, hefur frá því í október oft sést róandi á Pollinum í Skutulsfirði á sérsmíðuðum grænenskum kayak. Gripurinn er fenginn úr smíðju, sem Grænlandsfarinn Baldvin Kristjánsson setti á stofn í bænum Qagortoq, sem er sunnarlega á vesturströnd Grænlands. Þess má geta að Halldór fékk fyrsta kayakinn sem smíðaður var í smíðjunni en sjálfur Sviakonungur fékk báta nr. 3-5. „Mér leið eins og

klifra sem kemst upp á toppinn á Everest þegar ég stóð fyrst við bátinn. Mig hefur langað í svona bát í 15 ár. Það leið heilt ár frá því ég pantaði gripinn, þar til ég fékk hann, á þeim tíma var hann búinn að vera hálf ár á höfninni á Grænlandi tilbúinn til sendingar“, segir Halldór á vefnum kayakklubburinn.is.

Báturinn er sérpantaður eftir máli og að sögn Halldórs hefði hann ekki mátt vera hálf- og sentimetra þrengri. „Ég

bað um ákveðna lengd miðað við breidd, að fenginni reynslu. En lagið á bátinum, það lét ég sérfræðingana um“, segir Halldór. Grænendingurinn hans Halldórs er byggður eins og gömlu grænensku kayakarnir nema hvað efniviðurinn er að nokkru leyti annar. Að sögn Halldórs láku grænensku kayakarnir alltaf en það kom ekki að sök því Grænendingarnir voru ekki sífellt að leika sér að því að velta bátinum og gera allskonar hundakústir.

Peir voru bara að veiða.

Auk grænenska kayaksins hefur Halldór fengið grænenskar ár og stakk sem er með grænensku sniði, svo nefndan tuilik. Hönnunin er grænensk en stakkurinn er búinn til úr nýtsku efnis. Sérsmíðaði gripurinn sem var fluttur frá Qagortoq, til Nuuk, þaðan til Danmerkur og loks til Ísafjarðar kostaði Halldór þó ekkert þar sem hann fékk hann að gjöf frá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru í Hnífsdal.



Eiríkur Örn Norðdahl.

Fönix kynntur á netinu

Ísfrska skáldið, Eiríkur Örn Norðdahl, hefur brugðið á það ráð að kynna nýtt komna ljóðabók sína, Þjónn, það er fönix í öskubakknum mínum!, á veraldarvefnum þar sem búseta hans í Finnlandi hamlar honum að kynna hana á hefðbundinn máta. „Svo illa er komið fyrir okkur skáldunum sem búa erlendis að við getum ekki tekið þátt í bókakynningarstarfi því sem á sér stað fyrir jólin, getum hvorki lesið upp úti um allar trissur né prangað bókum upp á saklausa kaffihúsagesti. Þegar við bætist að fátækt okkar leyfir ekki kaup á auglýsingum í fjölmiðlum, er illt í efni“, segir Eiríkur.

Á vefsíðunni má sjá upplestra á ljóðum úr einræðis-herraseríunni, hægt að skoða þrjú myndljóð - þar af tvö

sem hafa verið endurútfærð fyrir vef - auk þess sem lesa má nokkur ljóð til úr hinum ólíku hlutum bókarinnar. Jón Örn Loðmfjörð óf síðuna. Áður hefur Eiríkur gefið út ljóðabækurnar Heimsendapestir, Nihil Obstat og Blandarabrandarar, auk þess sem hann gaf út bókina Handsprengja í morgunsárið ásamt Ingólfi Gíslasyni.

Þá ritstýrði hann bókinni Af ljóðum, og gaf nýlega út ljóðabýðingasafnið 131.839 slög með bilum, þar sem finna má þýðingar á verkum 61 skálds, að mestu eftir erlend samtímaskáld. Eiríkur er einnig höfundur skáldsagnanna Hugsjónadruslan og Eitur fyrir byrjendur. Þess má geta að Eiríkur fluttist frá Ísafirði til Finnlands í apríl á þessu ári.

- thelma@bb.is



Fjórðungssamband Vestfirðinga



Fjórðungssamband Vestfirðinga
STOFN.ÁR 1955

Fjórðungssamband Vestfirðinga er bandalag sveitarfélaga á Vestfirðum, sameiginlegur vefvangur þeirra og máltvari. Hér er um fjálsamtök að ræða en ekki lögbundin. Tilgangur Fjórðungssambandsins er að vinna að hagsmunum vestfirskra sveitarfélaga og alls Vestfirðingafjórðungs.

www.fjorungssamband.is

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar eftir að ráða stjórnanda í krefjandi og fjölbreytt starf framkvæmdastjóra.

Verkþættir

Framkvæmdastjóri sér um rekstur skrifstofu Fjórðungssambandsins ásamt því að taka þátt í og stjórna áætlanagerð fyrir landsfjórðunginn.

Kröfur um menntun og reynslu

- Háskólamenntun er skilyrði
- Framhaldsnám, t.d. í stjórnsýslu eða stjórn málafræði, er kostur
- Reynsla af stjórnsýslu- eða sveitarstjórnarmálum er kostur
- Þekking eða reynsla af erindrekstri (lobbying)

Hæfnisþættir

- Mikil samskiptahæfni
- Geta til að vinna undir álagi
- Markviss og árangursdrifin vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í skýrslugerð og íslensku
- Góð kunnátta í ensku eða öðru tungumáli

Urmsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 17. desember nk.

Nánari upplýsingar veitir Albert Arnarson, ráðgjafi hjá Hagvangi. Netfang: albert@hagvangur.is

HAGVANGUR

- við ráðum

BONUS BONUS BONUS BONUS



**30%
AFSLÁTTUR**

KF LAMBALÆRI EINIBERJAKR.
30% AFSLÁTTUR 1399 kr/kg.
Merkt verð 1998 kr/kg.
MESTA SELDA KRYDDLÆRIÐ Í BÓNUS.



HANGILÆRI 35% AFSLÁTTUR 1462 KR/KG. Merkt verð 2249 kr/kg.
HANGIFRAMPARTUR 40% AFSLÁTTUR 1139 KR/KG. Merkt verð 1899



**20%
TONN Í BOÐI
10% LÆGRA VERÐ**

NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK RÖDLAUS
10% VERÐLÆKKUN. VERÐ NÚ 808 KR/KG.



QUALITY STREET
Í KRUKKU
900g 998 kr.



Holta KJÚKLINGABITAR Í KRYDDBLÖNDU
TILBÚÐ BEINT Í OFNINN



HEIMILISBRAUÐ 1/2
375G 69 KR.



BÓNUS 70% SUÐUSÚKKULAÐI
100g 98 kr.



Rafræna Bónus gjafakortið
er góð jólagjöf.
Þú kaupir inneign á kortið
að eigin vali!

Fæst aðeins á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13
Sími. 588 8699 gjafakort@bonus.is



JÓLAELDHÚSRÚLLA
STÓR 139 KR.



BÓNUS MALT
500 ML 59 KR.



CHIQUITA ÁVAXTASAFI
2 LTR. 198 KR FERNAN.

BONUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUÐ-FIMMTUÐ. 12.00 TIL 18.30.

Mannlífið

Leyfi þarf fyrir brennum og flugeldasýningum

Þeir sem hyggjast hlaða bálkesti sem kveikt verður í á gamlárskvöld eða á þrettándanum skulu sækja um leyfi til þess fyrir 10. desember. Jafnframt þarf umsókn um leyfi til sölu flugelda og til flugeldasýninga að berast fyrir sama dag. Í tilkynningu frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum segir að fyrir hverri brennu skuli tilgreina lögráða ábyrgðarmann og með umsókn skal fylgja skriflegt starfsleyfi heilbrigðisnefndar, ásamt vottorði frá váttryggingafélagi um ábyrgðartryggingu vegna brennunnar. Umsóknareyðublöð og reglur um bálkesti og brennur, flugeldasýningar og sölu á flugeldum liggja frammi hjá öllum sýslumönnum en einnig er hægt að nálgast eyðublöðin rafrænt á heimasíðu lögreglunnar.

Smáauglýsingar

Óska eftir gönguskiðum fyrir 9 ára dreng. Uppl. í sínum 456 5326 og 895 5326.

Til sölu er Subaru Impreza GL, árg. 2001, ekinn 81 þús. km. Tveggja lítra vél, sjálfskiptur. Uppl. í síma 897 4283.

Til sölu er Skoda Octavia, Elegans, 4x4, árg. 2002, ekinn 84 þús. km. Beinskíptur og dráttarkrúkur. Uppl. gefur Kristinn í síma 898 1050.

Tek að mér alla almenna húsa-smíði, jafnt gamalt sem nýtt og úti sem inni. Uppl. gefur Baldur Örn í síma 698 6198.

Óska eftir svefnsófa, ódýrt eða gefins. Uppl. í síma 865 7214.

Til sölu er Beretta Pintail, 3" hálf sjálfvirk haglabýssa. Er sem ný. Uppl. í síma 847 8531.

Kaupi bíla til niðurrifs. Uppl. í síma 899 4201.

Til sölu er Toyota Hiace, sendibíll, árg. 96, 2,4 dísel. Upplýsingar í síma 846 7479.



Jón Hermann Sveinsson við eitt verka sinna í Edinborgarhúsinu.

Verk J. Hers sýnd í Edinborg

Myndlistarsýning á verkum Jóns Hermanns Sveinssonar, listmálara frá Hnífsdal, var opnuð í Edinborgarhúsinu á laugardag. Til sýnis eru ný olíumálverk sem verða til sýnis fram á 16. desember. Jón hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og einkasýninga bæði hér vestra og í höfuðborginni og hélt síðast sýningu á kaffihúsinu Langa Manga um síðustu páska. Hann hefur málað frá unga aldri en var skólaður í Myndlistarskóla Reykjavíkur. Margir þekkja verk Jóns undir merkjum Jóns H. Sveinssonar en sú breyting hefur orðið á að nú hefur undirskriftin verið stýtt í J. HERS.

Spurning vikunnar

Vilt þú að millilandaflug verði leyft til og frá Ísafjarðarflugvelli?

Alls svöruðu 664.
Já sögðu 534 eða 81%
Nei sögðu 84 eða 13%
Alveg sama sögðu 46 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Vestfirsk aðventa

Aðventan er gengin í garð og jólin nálgast óðfluga. Jólaljósin lýsa út í skammdegið og fólk fer að undirbúa hátíð ljóss og friðar með tilheyrandi tilhlökkun, annríki og stressi. Bæjarins besta forvitnaðist um það hvernig aðventan fer fram hjá nokkrum Vestfirðingum og Berghildur Árnadóttir, þjónustufulltrúi hjá Sparisjóði Vestfirðinga, ríður á vaðið og segir frá adventunni hjá sér, en eins og hjá svo mörgum öðrum finnst Berghildi ekki nógu margar klukkustundir í sólarhringnum á adventunni til að koma öllu í verk sem þarf að gera fyrir jólin.

Dásamlegur tími með tilhlökkun

„Mig langar ekkert meir en að segja að adventan fari í það

að slappa af heima í stofu við kertaljós og rómantík með guttunum mínum tveimur, förum í kirkju og á kyrrðarstund og skellum okkur á hvern jólavíðburðinn á fætur öðrum sem er í boði á adventunni. Langar líka að segja að við dúllum okkur svo saman í þvílíkum rólegheitum við að undirbúa komu jólanna með því að skottast um allt hús og hengja upp jólaskraut hér og hvar og tendra ljós í gluggum og hlusta á jólalög. En ef ég myndi segja það þá væri ég að ljúga eða allavega að hluta til. Þó mig langi mikið til að hafa þetta svona rólegt og afslappað þá hefur það sjaldnast gengið eftir.

Það sem mér finnst aftur á móti skemmtilegast við adventuna eru öll jólaljósin sem ryðjast út í alla glugga og utan á öll hús og flæða svo út um alla garða og upp um öll tré.

Allir fara að hlakka svo mikið til jólanna, þá sérstaklega finnst mér gaman að horfa á strákana mína og sjá hvað þeir hlakka endalaust mikið til og skemmtilegasti tíminn fram að jólum er akkurat þegar jólsveinarnir fara að hlunkast niður úr fjöllum og gefa annað hvort kartöflur og ýsubein eða lítið dót eða sælgæti í skóinn sem gleður gaurana mína mikið að sjálfsgöðu.

Svo er það náttúrulega hið margrómaða jólastress þar sem maður æðir búð úr búð í leit að hinna fullkomnu gjöf handa vini eða ættingja og hlakkar mann auðvitað mikið til að sjá gleðibros færast yfir andlit þeirra þegar þeir sjá þetta fallega sem leynist í pakknum. Nú vildi ég óska að ég gæti sagt með bros á vör að ég eyði miklum tíma í jólabaksturinn á adventunni en það væri haugalygi því ég

kaupi smákökurnar í Bónus eða Samkaup þar sem tíminn er yfirleitt hlaupinn frá mér þegar mér dettur í hug að skella í köku. Eða það brennur allt sem brennst getur í ofninum og ja, í rauninni finnst mér brunalykt orðin bara nokkuð jólaleg!

Svo er auðvitað eitt sem mér finnst alveg svakalega gaman að gera á adventunni og það er að skrifa jólakortin, geri það korter í jól og rétt næ á pósthúsið fyrir lokun! Dásamlegt alveg.

Þannig að adventan hjá mér hefur miðast við að reyna hvað ég get að klára allt sem þarf að klára áður en jólin ganga í garð og jú þau koma þó ég nái ekki að klára alveg allt og eru alltaf jafn skemmtileg! Þannig að í rauninni er adventan bara dásamlegur tími með tilhlökkun, jólastressi og öllu hinu.

Í lokin fylgir hér með upp-

skrift af smákökum sem kallast Tromptoppar ég hef reynt að baka þessa toppa í nokkur ár en alltaf kveikt í þeim, með tilheyrandi kostnaði við reykhlreinsun og þrif á húsbúnaði. Þetta eru dásamlegar smákökur hef ég heyrt og ef einhver kemst heill í gegnum það að baka þær þá væri ég alveg til í smá smakk!“

Tromptoppar

Hráefni:
6 eggjahvítur
400 g púðursykur
300 g rifid súkkulaði
20 stk tromp skúkkulaði

Aðferð:

Eggjahvíturarnar stífþeyttar ásamt púðursykrinum. Súkkulaðið og trompið er saxað og því bætt varlega saman við eggjahvíturarnar, sett á plötu klædda bökunarpappír. Bakað við 150° í 20 mín.

Jóla kort Sigurvonar komin út

Krabbameinsfélagið Sigurvon hefur gefið út jóla kort með myndum eftir listamanninn Ómar Smára Kristinsson. Um er að ræða þrjár myndir, ein þeirra er ný en tvær prýddu einnig kort félagsins í fyrra. Ómar Smári hefur haldið sýningar víða auk þess sem dagatöl sem hann gaf út með myndum af húsum á Ísafirði hefur vakið mikla athygli ásamt söguskiltum á söguslóðum Gísla sögu Súrssonar sem hann vann með listakonunni Ninu Ivanovu. Hann er nú búsettur á Ísafirði eftir að hafa haft til margra ára vetursetu í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Hefur hann gefið Sigurvon leyfi til að nota myndirnar að kostnaðarlausu. Kortin eru til sölu víða á Vestfjörðum og má yfirleitt nálgast þau á sömu stöðum og minningarkort félagsins eru seld.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Austlæg átt og víða dálítill ofankoma eða él. Talsvert frost. **Horfur á laugardag:** Austlæg átt og víða dálítill ofankoma eða él. Talsvert frost. **Horfur á sunnudag:** Austlæg átt og víða dálítill ofankoma eða él. Talsvert frost.



Borgeir Jónsson, Anton Helgi Guðjónsson, Kormákur Breki Viðarsson, Ástrún Þórðardóttir, Gíslína Guðmundsdóttir, Heiðís Lára Viktorsdóttir og Thelma Lís Þórðardóttir.



Sælkeri vikunnar er Dagný Viggósdóttir á Ísafirði

Kjúklingabitar í raspi og steikt lifur

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á kjúklingabita í raspi og steikt lifur sem báðir eru ljúffengir og einfaldir réttir. Í eftirrétt býður Dagný upp á Kornflexertu sem ætti ekki að svíkja neinn sannan sælkeri.

er brúnaður og einn látinn í pottinn. 4 dl vatni er hellt á pönnuna og þegar það sýður, er því hellt í pottinn. Þá eru hveitileifarnar hrærðar út í köldu vatni, og jafningnum hrært út í pottinn. Lifrin er aðeins soðin í sósunni í 3 mínútur.

Kjúklingabitar í raspi

2 kjúklingabringur
1 bolli súrmjók
2 bollar Rits kex
Kjúklingakrydd

Kornflexerta

200 g sykur
2 eggjahvítur
2 stórir bollar kornflex
1 tsk lyftiduft

Skerið bringurnar í þunna bita. Setjið bitana í plastpoka með súrmjólkinni inn í ísskáp, má vera þar í 1–2 daga. (þarf ekki). Gott að setja kexið í plastpoka og mylja það með kökukefli. Dýfið bitunum í súrmjólkina og svo í kexmylsnunna. Setjið olíu í eldfast mót og raðið bitunum þar í og stráðið smá kjúklingakryddi yfir. Steikið í ofni í 30–40 mínútur.

Stíflþeytið eggjahvítunarnar og bætið sykrinum saman við. Síðan er kornflex og lyftiduftið bætt út í. Sett í 2 vel smurð form. Bakað við 150–170°C í 30 mínútur.

Fylling:

100 g suðusúkkulaði
1 ½ dl rjómi

Krem:

2 eggjarauður
1 tsk sykur
1 dl rjómi
100 g suðusúkkulaði.

Steikt lifur

½ kg lifur
3 msk hveiti
1 ½ tsk salt
1/6 tsk pipar
75 g smjörliki
2 laukar
4 dl vatn
Hveitileifarnar

Lifrin er skorin í sneiðar. Hveiti, salti og pipar blandað saman. Smjörlikið brúnað. Lifrinni er snúið upp úr hveitiblöndunni og sett á pönnu jafnóðum. Lifrin er steikt móbrún og látin í pott. Laukurinn

Súkkulaði brytjað út í þeyttan rjómann sett á milli botnanna. Sykur og eggjarauður þeytt saman og bætt út í þeyttan rjómann. Bræðið súkkulaði og kælið og bætið því út í. Hrærið vel saman. Kremið smurt yfir kökuna.

Ég skora á Sigrúnu Sigurðardóttur á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.

Fíkniefni, forvarnar- dagurinn og unglíngar

Forvarnardagurinn var haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði sem og öllu landinu, í dag en hann er sérstaklega ætlaður fyrir nemendur í 9. bekk. Markmiðið var að vekja athygli á heillaráð sem geta forðað börnum og unglíngum frá fíkniefnum og fá börnin sjálf til þess að velta fyrir sér slæmum afleiðingum vímu-gjafa. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þeir unglíngar sem verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegri sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegri er að þau neyti síðar fíkniefna. Niðurstöðurnar byggja á rannsóknnum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabíl rann-

sakað áhættu hegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt. En hvað finnst unglíngunum sjálfum um þetta? Bláðamaður Bæjarins besta spjallaði við nokkra hressa unglíngi í GÍ til að reyna varpa ljósi á það. Aðspurðu sögðu þau Heiðís Lára Viktorsdóttir, Thelma Lís Þórðardóttir, Anton Helgi Guðjónsson, Borgeir Jónsson, Kormákur Breki Viðarsson, Ástrún Þórðardóttir og Gíslína Guðmundsdóttir vera ánægð með að slíkur dagur væri haldinn. – Ut á hvað gekk þessi dagur? „Okkur var skipt niður í hópa og við áttum að vinna þrjú verkefni. Eitt var um íþrótt- og æskulýðsstarf, annað um samveruna og svo var þriðja um að hvert ár skipti máli“, segir Anton Helgi. – Er bláðamaður spurði hvort þau væru sammála því sem kemur fram í verkefnum að umrædd heillaráð stuðli að því að halda unglíngum frá fíkniefnum svöruðu þau því

játandi í einum kór. – Hafið þið áhyggjur af því að vera kominn á þennan aldur að sá möguleiki er fyrir hendi að þið getið orðið fíkniefnum og áfengi að bráð? „Ég hef nú miklu meiri áhyggjur af öðrum heldur en sjálfum mér“, segir Borgeir og hin taka undir með honum. – Finnst ykkur forvarnarsdagurinn vera góð aðferð til þess að vekja unglíngi um hættunarnar sem stafa af fíkniefnum? „Já, það sýndi okkur hvað getur gerst ef maður fer út í að prófa fíkniefni. Vakti okkur til umhugsunar“, segir Heiðís. – Hvað haldið þið að myndi höfða vel til ykkar? „Að fá einhvern sem hefur lent illa í þessu til að koma og tala við okkur. Segja okkur sögu sína. Það hefur áhrif“, segir Borgeir. „Já það kom maður til okkar í fyrra sem hafði svaka sögu að segja. Hann var tónlistarmaður og það var rosa fínt að heyra hvað hann hafði að

segja.“ – Átakið er beint til 9. bekklinga. Er þetta góður aldur til þess að ná til krakka um þessi mál? „Já því þá eru krakkar einmitt að byrja að prufa þetta. Allavega þeir sem ég veit um. En ég hef einnig heyrt af krökkum sem byrja að fíka í 8. bekk“, segir Heiðís. – Eru margir jafnaldrar ykkar að fíka við eitruyf? „Nei alls ekki, það er örugglega enginn í 9. bekk. Allavega ekki svo við vitum“, segir Heiðís. „Nei það er enginn af okkur“, segir Anton Helgi. – Haldið þið að unglíngar séu meðvitandi um hættunarnar sem fylgja því að byrja að neyta áfengis og fíkniefna? „Já ég held að flestir gera það“, segir Anton Helgi. „Ég held að þeim langi meira til að prófa og taki því áhættuna“, segir Borgeir. Á þessum nótum leyfði bláðamaður krökkunum að komast aftur í íslenskutímann sinn við misgóðar undirtektir.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

BÍLAVERIÐ ehf
(Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar)

Smurþjónusta
Smáviðgerðir

Sími: 456 3501

www.bilaverid.is

Bolungarvíkurgöng: Framkvæmdir gætu hafist í mars á næsta ári

Þeim fjórum aðilum sem fengu að bjóða í gangagerð milli Hnífsdals og Bolungarvíkur eftir forval í ágúst, hafa verið send útboðsgögn og verða tilboð frá þeim opnuð 15. janúar nk. Um er að ræða jarðgöng, ásamt byggingu forskála og vega. Göngin eiga að vera 8,7 metra breið og 5,1 kílómetri að lengd. Einnig á að byggja um 310 metra langa steinsteypa vegskála, og 3 kílómetra langa vegi og tvær 15 metra langar steinsteypar brýr. Verklök eru áætluð 15.

júlí 2010.

Kristján L. Möller, samgönguráðherra segir ánægjulegt að sjá þessa löngu tímaþæru framkvæmd verða að veruleika. „Það er mjög gott að þetta skuli vera komið í gang og þó þetta virðist langur tími er það eingöngu vegna þess að síðustu áfangarnir, eins og malbikun og þess háttar, þurfa að fara fram að sumri til. Tilboðin verða opnuð 15. janúar og svo gerum við ráð fyrir einum til tveimur mánuðum í samningstíma og því ættu

framkvæmdir að geta hafist í mars. Ég vil taka fram að göngin heita nú Bolungarvíkurgöng, en ekki Óshlíðargöng.“

Í júlí var ákveðið að flýta vegafarmkvæmdum á Vestfjörðum á árunum 2008-2010. Ákvörðunin var hluti af boðum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar í þorskaflaheimildum. „Með þessum áðgerðum verður komið á nútímalegu vegasambandi milli suðursvæðis Vestfjarða og Reykja-

víkur árið 2010 nema á veginum um Vattarfjörð og Kjálkafjörð sem fara þarf í umhverfismat. Gerð Arnarfjarðarganga verður flýtt þannig að þeim verði lokið á árinu 2012, gangi allt eftir. Mikilvægi þeirra er mikið, en Hrafnseyrarheiðin með sinni 520 metra hæð er oft ófær eins og flestir vita. Þá verður Strandavegi milli Hólmavíkur og Drangsness lokið að mestu á árinu 2009.“ sagði Kristján L. Möller samgönguráðherra í samtali við blaðið í júlí í sumar.



Öryggi ferðalanga á leið til Bolungarvíkur bætist til muna við opnun Bolungarvíkurganga sumarið 2010.



Ungu fólki í Ísafjarðarbæ fækkaði um 312 á 10 ára tímabili.

Ungu fólki fækkar á Vestfjörðum

Íbúum á Vestfjörðum á aldrinum 0-25 ára fækkaði um 885 á árunum 1997 til 2006. Á sama tímabili fjölgaði íbúum 50 ára og eldri um 264 samkvæmt tölum Bygðastofnunar um íbúapróun. Árið 1997 voru 1923 ungmenni 25 ára og yngri búsett í Ísafjarðarbæ en árið 2006 voru þau 1611 og hafði því fækkað um 312. Í Bolungarvík fækkaði þeim um 142. Í Vesturbyggð fækkaði um 206 á þessu tímabili, 41 á Tálknafirði, í Strandabyggð fækkaði um 61, í Reykhólahreppi um 52 og í Súðavíkurhreppi fækkaði um 26.

Íbúum í aldurshópnum 50 ára fjölgaði hins vegar í öllum sveitarfélögum nema tveimur á Vestfjörðum á árunum 1997 til 2006. Bolvíkingum í þessum aldurshópi fjölgaði um 54 á tímabilinu, í Ísafjarðarbæ fjöl-

gaði íbúum á þessum aldri um 166, um fimm í Reykhólahreppi, um tvo í Strandabyggð, einn í Súðavíkurhreppi, níu á Tálknafirði, 28 í Vesturbyggð og 11 í Kaldrananeshreppi.

Íbúum hefur undanfarin ár fækkað á landsbyggðinni og fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, þó hefur fjölgað í einstaka þéttbýliskjörnum einkum þeim sem eru nær höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélög hafa sameinast til að valda betur verkefnum sínum og bæta þjónustu við íbúana og hefur þeim fækkað úr 229 árið 1950 í 79 sveitarfélög 1. desember 2006.

„Það er hlutverk Bygðastofnunar að fylgjast með þessari þróun, enda forsenda allrar vinnu varðandi gerð áætlana um þróun og styrkingu byggða á Íslandi“, segir á vef Bygðastofnunar.

– thelma@bb.is



Fjölmenni var viðstatt þegar ljósin á jólatré Ísfirðinga var tendrað.

Ljósin tendruð á jólatrénu

Ljósin á jólatré Ísfirðinga á Silfurtorgi voru tendruð við fjölmenna athöfn á laugardag. Að þessu sinni var jólatréð fengið að gjöf frá Húsasmíðjuni en ekki vinabænum Hróarskeldu eins og verið hefur í áraföld. Af tilefni aftendruninni var mikið um dýrðir á Silfurtorgi. Styrktarfélag Tónlistarskóla Ísafjarðar var með árlega torgsölu sína. Lúðrasveit lék nokkur jólalög, Barna- og unglíngakórinn og Karlakórinn Ernir sungu nokkur lög

og sýnt var atriði úr ísfrska jólaleikritinu Jólaveinar Grýllysynir.

Að loknu ávarpi Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar var kveikt á jólatrénu. Hápunktur dagsins var að sjálfsögðu koma jólasveina sem skemmtu með söng sínum og færðu krökkum göðgæti. Viðstaddir létu þykka snjókomu ekki á sig fá og má segja að sannkölluð adventustemning hafi ríkt á Silfurtorgi á laugardag.



Barna- og unglíngakórinn söng nokkur lög.